

**Viðauki 1, með samningi mennta- og  
menningarmálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir  
Háskóla Íslands 2012-2016.**

**2. júlí 2012**



**MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	5
1.1	Lagarammi, hlutverk og samskipti við stjórvöld .....	5
2.	Stjór og skipulag.....	6
2.1	Stjór .....	6
2.2	Skipulag .....	6
3.	Stefna og framkvæmd .....	7
3.1	Stefna Háskóla Íslands 2006-2011.....	7
3.2	Stefna Háskóla Íslands 2011-2016.....	8
3.2.1	Stefna um rannsóknir og nýsköpun .....	8
3.2.2	Stefna um nám og kennslu .....	10
3.2.3	Stefna um mannaúð .....	13
3.2.4	Stefna um ábyrgð gagnvart samfélagit og umheiminum.....	14
3.3	Framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011.....	15
4.	Nám og kennsla.....	15
4.1	Kennsluskrá og skipulag kennslu.....	16
4.1.1	Skipulag kennslu .....	16
4.1.2	Kennsluskrá og nemendakerfi Uglu.....	17
4.2	Námsleiðir og prófgráður .....	19
4.2.1	Fræðasvið, deildir og þverfræðilegt nám .....	19
4.2.2	Námsgreinar (kennslugreinar), námsleiðir og aukagreinar.....	19
4.2.3	Yfirlit um námsleiðir, prófgráður og lærðómstíta .....	19
4.3	Stofnun nýrra námsleiða og aðrar verklagsreglur settar af háskólaráði .....	20
4.4	Inntökuskilyrði og aðgangsviðmið .....	20
4.4.1	Reglur um inntöku nemenda.....	20
4.4.2	Reglur um inntökuskilyrði í grunninnám.....	20
4.4.3	Reglur um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar.....	20
4.4.4	Reglur fræðasviða og deilda um fjöldatakmörkun og val nemenda .....	20
4.4.5	Aðgangsviðmið .....	21
4.5	Hæfniviðmið .....	21
4.5.1	Hæfniviðmið námsleiða .....	21
4.5.2	Hæfniviðmið námskeiða .....	22
4.6	Þjálfun og endurmenntun kennara (Kennslumiðstöð o.fl.) .....	22
4.6.1	Hlutverk Kennslumiðstöðvar .....	22
4.6.2	Námskeið um kennsluhætti .....	23
4.6.3	Námsleið í háskólakennslufræði .....	23
4.6.4	Handbækur og leiðbeiningar .....	23
4.6.5	Ráðgjöf .....	24
4.7	Þjónusta við nemendur .....	24
4.7.1	Þjónustuborðið Háskólatorgi .....	24

4.7.2	Stúdentapjónusta - Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands .....	24
4.7.3	Alþjóðaskrifstofa .....	25
4.7.4	Nemendaskrá .....	26
4.7.5	Ugla - innra vefkerfi Háskóla Íslands .....	27
4.7.6	Bókasöfn og rafræn gagnasöfn .....	28
5.	Meistara- og doktorsnám.....	28
5.1	Fjöldi skráðra og brautskráðra meistara- og doktorsnema við Háskóla Íslands .....	28
5.2	Sameiginlegar doktorsgráður .....	30
5.3	Sameiginlegar meistaragráður milli Háskóla Íslands og norrænna háskóla (Nordic Master) .....	31
5.4	Viðmið og kröfur um gaeði doktorsnáms við Háskóla Íslands .....	31
5.5	Reglur fræðasviða Háskóla Íslands um doktorsnám .....	31
5.6	Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands .....	32
5.7	Doktorsnámsstyrkir .....	32
5.8	Samstarf við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.....	32
6.	Rannsóknir, nýsköpun og tækníþróun .....	32
6.1	Mat á rannsóknum og öðrum störfum .....	33
6.2	Hvatakerfi Háskóla Íslands .....	33
6.3	Rannsóknatengdir samkeppnissjóðir .....	34
6.4	Vísindasvið og vísindaneftnd háskólaráðs.....	35
6.5	Nýsköpun í Háskóla Íslands .....	35
6.5.1	Rannsóknapjónusta Háskóla Íslands .....	35
6.5.2	Hugverkanefnd og lög um uppfindingar starfsmanna.....	35
6.5.3	Tækníþróun .....	35
6.5.4	Tæknigarður .....	35
6.5.5	Hagnýtingarsamkeppni Háskóla Íslands .....	35
6.5.6	Innovit ehf.....	36
6.6	Árangur Háskóla Íslands í rannsóknum og nýsköpunarstarfi .....	36
6.6.1	Rannsóknir .....	36
6.6.2	Nýsköpun .....	37
7.	Mannauður .....	37
8.	Nemendur .....	38
9.	Fjármál, rekstur, húsnaði.....	38
10.	Samstarf, tengsl við atvinnulíf og samfélag .....	39
10.1	Formlegt og samningsbundið samstarf .....	39
10.2	Óformlegt (einstaklingsbundið) samstarf.....	40
10.2.1	Nokkur dæmi um innlend samstarfsfyrirtæki árið 2009:.....	40
10.2.2	Nokkur dæmi um erlend samstarfsfyrirtæki árið 2009:.....	40
10.2.3	Nokkur dæmi um samtök sem starfsmenn voru í samstarfi við árið 2009:.....	40
11.	Gæðakerfi .....	40
11.1	Innra gæðakerfi .....	40

11.2	Forsendur gæðakerfisins .....	41
11.3	Umsjón og ábyrgð .....	41
11.4	Ytra gæðaeftirlit .....	41
11.5	Gæðahandbók .....	41
12.	Siðferði, sjálfbærni og ábyrgð .....	41
13.	Samstarf, upplýsingagjöf og lykiltölur, aðgangsviðmið og frjáls hugbúnaður.....	42
13.1	Samstarf.....	42
13.2	Upplýsingagjöf og lykiltölur.....	42
13.3	Aðgangsviðmið .....	44
13.4	Frjáls hugbúnaður.....	45

# Viðauki með samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Háskóla Íslands (HÍ)

Viðauki þessi við samning Háskóla Íslands við mennta- og menningarmálaráðuneytið lýsir helstu þáttum í starfsemi Háskóla Íslands og þeim áherslum sem skólinn sjálfur vill leggja fram.

Viðauki þessi er umræðugrundvöllur ráðuneytis og Háskóla Íslands en mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki tekið formlega afstöðu til þeirra þátta sem hér koma fram og varða áherslur, áform og stefnu skólans.

Ráðuneytið og Háskóli Íslands munu á árinu 2012 vinna að sameiginlegum viðfangsefnum og tengslum markmiðasetningar skólans við lyktörlar (kafli 13.2), frágangi á skilgreiningu á aðgangsviðmiðunum (kafli 13.3) og nýtingu á frjálsum hugbúnaði í samræmi við stefnumótun stjórnvalda (kaflar 13.4).

Að því búnu verður viðaukinn uppfærður og virkjaður.

## 1. Inngangur

### 1.1 Lagarammi, hlutverk og samskipti við stjórnvöld

Viðauki þessi er hluti af gr. 1.3 í samningi aðila sem dagsettur er 2. júlí 2012. Viðaukinn mun að loknu samráðsferli ráðuneytis og háskólans kveða á um áherslur og sameiginleg markmið háskólans og ráðuneytisins, sbr. c-lið 21. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.

Efni viðaukans hefur ekki áhrif á skyldur eða heimildir aðila samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Háskóli Íslands starfar á grundvelli laga um háskóla nr. 63/2006 og laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglugerða og reglna með stoð í þeim lögum. Háskólaráð setur nánari reglur um einstaka þætti starfseminnar, s.s. sameiginlegar reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og ýmsar sérreglur. Sjá yfirlit á slóðinni [http://www.hi.is/adalvefur/log\\_og\\_reglur](http://www.hi.is/adalvefur/log_og_reglur).

Eðli máls samkvæmt lýtur starfsemi Háskóla Íslands ýmsum lögum er taka til þeirrar fjölpættu starfsemi sem þar fer fram. Nokkur þau helstu eru þessi:

- 1.1 Lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008
- 1.2 Lög um háskóla, nr. 63/2006
- 1.3 Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996
- 1.4 Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008
- 1.5 Stjórnsýslulög, nr. 37/1993
- 1.6 Upplýsingalög, nr. 50/1996
- 1.7 Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000  
<http://www.althingi.is/lagas/140a/2000077.html>
- 1.8 Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986
- 1.9 Lög um fjáreiður ríkisins, nr. 88/1997
- 1.10 Lög um opinber innkaup, nr. 84/2007
- 1.11 Samkeppnislög, nr. 44/2005
- 1.12 Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000
- 1.13 Lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 <http://www.althingi.is/lagas/140a/1997001.html>
- 1.14 Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011142.html>
- 1.15 Lög um Félagsstofnun stúdenta <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1968033.html>
- 1.16 Lög um Láanasjóð íslenskra námsmanna <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1992021.html>
- 1.17 Lög um Happdrætti Háskóla Íslands nr. 13/1973 <http://www.althingi.is/lagas/140a/1973013.html>
- 1.18 Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 <http://www.althingi.is/lagas/140a/2007040.html>

Háskóli Íslands mun vinna í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að þróun kennslu, náms og rannsóknna við skólann.

Í samskiptum háskólans og ráðuneytis gildir að virt er lögbundið sjálfstæði háskólans og hlutverk ráðuneytisins og góð samvinna um lausn mála og hagsmuna nemenda gett í hvívetna.

Haldnir verða tveir formlegir samráðsfundir árlega um starf og stefnu háskólans. Að auki mun Háskóli Íslands eiga óformleg samskipti við ráðuneytið og upplýsa jafnöldum um mikilsverða áfanga og breytingar sem áhrif hafa á starfsemina.

Ráðuneytið boðar til samráðsfunda um samninginn. Dagskrá funda skal liggja fyrir síðar en viku fyrir fund. Á fundunum skal meðal annars taka fyrir framkvæmd samnings og þessa viðauka, forsendur og framvindu með tilliti til markmiða, áætlana um framkvæmd innra og ytra gæðamats ásamt eftirfylgni, auk upplýsinga sem taka ber saman samkvæmt samningnum.

## 2. Stjórn og skipulag

### 2.1 Stjórn

Stjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Stjórnssýsla háskólans starfar í umboði rektors og háskólaráðs. Á vegum háskólaráðs starfar innri endurskoðandi skv. erindisbréfi sem háskólaráð ákveður.

Háskólaráð skiptir fé milli rekstrarreininga í starfi háskólans innan þess ramma sem fjárveitingar og reglur um ráðstöfun sértekna heimila og hefur eftirlit með rekstri háskólans, þar með töldu reikningshaldi, meðferð fjármuna og samstarfssamningum og hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, félögum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum háskólans, sbr. 5. og 26. gr. laga um opinbera háskóla.

Háskólaráð setur reglur fyrir háskólanum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, þar með taldar reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda skv. 24. gr. laga um opinbera háskóla, sbr. einnig 21. og 22. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla.

Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra fræðasvið og stofnana sem honum tengast og heyra undir háskólaráð, fræðasvið eða deildir.

Ákvarðanir háskólaráðs samkvæmt lögum um opinbera háskóla og reglum settum með stoð í þeim eru endanlegar og verður ekki skotið til háskólapings eða annarra stofnana háskólans til endurskoðunar.

### 2.2 Skipulag

Háskóla Íslands er skipað í fræðasvið og deildir og stofnanir sem heyra undir háskólaráð, fræðasvið eða deildir. Innan fræðasviða fer fram kennsla, rannsóknir, stjórnun og stoðþjónusta. Fræðasvið eru sjálfstæð um fagleg og rekstrarleg málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja. Fræðasviðum er skipað í deildir, sem bera faglega ábyrgð á kennslu og rannsóknum og veita kennslu í einstökum greinum í þágu annarra fræðasviða og deilda eftir því sem við verður komið.

Fræðasvið eru meginkipulagseiningar Háskóla Íslands. Hvert fræðasvið um sig skiptist í deildir sem eru grunneiningar háskólans. Fræðasvið og deildir háskólans eru eftirfarandi:

*Félagsrísisindasvið:* Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórnmálafræðideild og Viðskiptafræðideild.


*Heilbrigðisrísisindasvið:* Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

*Hugrísindasvið:* Deild erlendra tungumála, bókmennata og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekiideild.

*Menntarísisindasvið:* Íþrótt-, tómstunda- og þroskajálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild.

*Verkfræði- og náttúruvísindasvið:* Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Jarðvísindadeild, Líf- og umhverfisvísindadeild, Rafmagns- og töluverkfræðideild, Raunvísindadeild og Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

Sjá að öðru leyti reglur Háskóla Íslands nr. 569/2009 og slóðina <http://www.hi.is/adalvefur/stjornskipulag>



### 3. Stefna og framkvæmd

#### 3.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011

Við Háskóla Íslands hefur allt frá 2002 verið fylgt með markvissum hætti stefnumiðaðri árangursstjórnun. Árið 2006 setti Háskóli Íslands sér það langtímaparkmið að komast í hóp hundrað fremstu háskóla í heimi. Önnur Norðurlönd eiga átta skóla í þessum hópi, en þeir eru Háskólinn í Kaupmannahöfn, Háskólinn í Árósum, Háskólinn í Osló, Karolinska Institutet í Stokkhólmi, Háskólinn í Uppsölum, Háskólinn í Lund, Háskólinn í Stokkhólmi og Háskólinn í Helsinki. Auk þess eru á annan tug norrænna háskóla, sem eru svipaðir að stærð og upphbyggingu og Háskóli Íslands, á meðal fremstu háskóla heims. Árangur Háskóla Íslands á undanförnum árum sýnir að raunhæft er að stefna áfram að þessu langtímaparkmiði. Áþreifarlegur vitnisburður þar um er að Háskóli Íslands er kominn í hóp 300 bestu háskóla heims skv. Times Higher Education World University Rankings. Fyrsti áfangi á þessari vegferð var Stefna Háskóla Íslands 2006-2011. Meginmarkmið stefnunnar var að ná framúrskarandi árangri á svíði rannsókna, kennslu, stjórnunar og stoðþjónustu. Stefnan fól í sér riflega eitt hundrað mælanleg og tímasett undirmarkmið sem ltu að öllum svíðum starfseminnar. Í framhaldinu settu allar deildir háskólans sér stefnu og markmið sem byggðust á heildarstefnunni. Meðal helstu markmiða Háskóla Íslands til ársins 2011 voru að:

- Tvöfalta fjölda vísindagreina í virtustu alþjóðlegum ritrýndum tímaritum
- auka samstarf við erlenda háskóla og háskóladeildir í fremstu röð í heiminum
- auka sértekjur, m.a. úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum
- fimmfalda árlegan fjölda brautskráðra doktora
- efla gæðakerfi kennslu
- setja á stofn Miðstöð framhaldsnáms til að tryggja gæðakröfur í framhaldsnámi
- efla stoðþjónustu við rannsóknir og kennslu
- innleiða nýtt skipulag og stjórnerfi til að auðvelda sókn að settum markmiðum.

Afar mikilvægt skref var stigið árið 2007 með árangurstengdum samningi Háskóla Íslands og stjórnvalda um fjármögnum stefnunnar. Háskólinn hefur fylgst náið með framgangi hennar og gert stjórvöldum árlega grein fyrir árangrinum. Á árinu 2010, undir lok fyrsta áfanga stefnunnar, lagði háskólinn heildstætt mat á

framkvæmdina og leiddi það í ljós að flestum markmiðum hefur verið náð og í sumum tilvikum sýna lykilmælikvarðar að árangur hefur verið umfram áætlanir. Á tímabilinu 2005–2010

- fjöldaði vísindagreinum fræðimanna háskólangs í virtum alþjóðlegum ritrýndum tímaritum úr 260 í 550 (2009) og tilvitnunum úr 5.100 í 10.000 (2009)
- jókst heildarfjárhæð sértekna um 78% og styrkir úr erlendum samkeppnissjóðum þrefolduðust
- fjöldaði doktorsnemum úr 166 í 440 og brautskráðum doktorum úr 13 árið 2005 í 36 árið 2010
- fjöldaði styrkjum til doktorsnema í 106 en engir slíkir styrkir voru í boði árið 2005.

Fjölmögum öðrum framfaramálum stefnunnar var hrint í framkvæmd í fyrsta áfanga. Matskerfi rannsókna var endurskoðað, nýtt ráðningarár- og framgangskerfi innleitt, gæðanefnd háskólaráðs sett á laggirnar, samstarf við fremstu háskóla í heimi eft, tengsl við atvinnulíf styrkt og markvissum aðgerðum beitt til að laða að hæfustu nemendurna og auka virkni í námi. Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands voru sameinaðir 1. júlí 2008 í þeim tilgangi að efla kennaramenntun og rannsóknir í mennta- og uppeldisvísindum og á sama tíma tók gildi nýtt stjórnerfi og skipulag Háskóla Íslands sem skipar honum í fimm fræðasvið, sbr. kafla 2 hér að framan.

## 3.2 Stefna Háskóla Íslands 2011-2016

Annar áfangi að langtímaperkini er Stefna Háskóla Íslands 2011–2016. Í henni er lögð áhersla á að efla gæði og styrka innviði allra þátta háskólastarfsins. Í því skyni hefur háskólinn sett sér markmið um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannaud og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Helstu stefnunnar eru áhersla á gæðarannsóknir og alþjóðlegt samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum, eflingu mannauds og starfsánægju stúdenta og starfsmanna og samfélagslega og hnattræna ábyrgð á 21. öld.

Stefna Háskóla Íslands 2006-2011 skiptist í fjóra meginKafla sem hver um sig skiptist í nokkra undirkafla. Í lok hvers meginKafla eru tilgreindir árangursmælikvarðar. Stefnan er birt hér í heilu lagi, en hana má einnig finna á vefnum undir slóðinni

[http://www.hi.is/adalvefur/stefna\\_og\\_markmid](http://www.hi.is/adalvefur/stefna_og_markmid)

### 3.2.1 Stefna um rannsóknir og nýsköpun

Háskóli Íslands er ört vaxandi rannsóknaháskóli sem hefur sett sér það langtímaperknið að vera í hópi fremstu háskóla í heimi. Í því skyni leggur skólinn áherslu á frjótt rannsóknaumhverfi, árangur í rannsóknum, öflugt meistara- og doktorsnám, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Áfram verður kostað kapps um að tryggja skilvirkni og gaði á öllum sviðum háskólastarfsins. Háskóli Íslands mun renna stöðum undir stefnu sína með markvissri sókn í erlenda og innlenda samkeppnissjóði. Innviðir doktorsnámsins verða styrktir í samræmi við alþjóðlega viðurkennda mælikvarða og gæðaviðmið. Mikilvægt er að virkja á nýjan leik samning Háskóla Íslands og stjórnvalda um fjármögnun stefnunnar og tryggja með þeim hætti að markmið hennar nái fram að ganga.

#### Frjótt rannsóknaumhverfi

Til að tryggja áframhaldandi sókn á svíði rannsókna, nýsköpunar og þróunarstarfs hyggst háskólinn bæta enn frekar aðstöðu og stuðning við metnaðarfullt rannsóknastarf og hagnýtingu þekkingar.

- Samstarf við fremstu háskóla og háskóladeildir heims verði efti með skipulegum hætti, m.a. með nemenda- og kennaraskiptum, akademískum gestastörfum, leiðbeiningu doktorsnema og stuðningi við sameiginleg rannsóknaverkefni.
- Háskóli Íslands beiti sér fyrir auknu samstarfi við innlendar rannsóknastofnanir, háskóla, fyrirtæki og menningarstofnanir, m.a. til að samnýta mannaud, aðstöðu til rannsókna, húsnaði og tækjakost.
- Markvisst verði unnið að aukinni sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði. Í því skyni verði einstökum fræðimönnum og rannsóknahópum sem afla rannsóknastyrkja umbunað sérstaklega, m.a. með því að heimila þeim að nýta hluta mótframlags háskólangs til eigin rannsóknaverkefna. Starfskjör taki í ríkara mæli mið af árangri starfsmanna við öflun styrkja úr samkeppnissjóðum.
- Stoðþjónusta við styrkumsóknir í samkeppnissjóði, einkaleyfaumsóknir og hagnýtingu rannsóknaniðustaðna verði efld, m.a. á vettvangi fræðasviða og Rannsóknajþjónustu Háskóla Íslands.
- Hlúð verði að öflugum vísindamönnum og rannsóknahópum með það að markmiði að efla Háskóla Íslands í alþjóðlegu vísindasamfélagi og styrkja þar með samkeppnisstöðu Íslands. Jafnframt verði leitast við að laða til háskólangs vísindamenn í fremstu röð.
- Störfum fyrir nýdoktora verði fjöldað til að efla rannsóknastarf og styrkja þjálfun ungra vísindamanna.

- Starfsemi rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni verði efla og samhæfð og tengd nánar við fræðasvið og deildir.
- Samstarf við helstu söfn þjóðarinnar verði eft með það fyrir augum að auka aðgang að gagnasöfnum þeirra og aðstöðu til náms og rannsókna.
- Stjórnunar- og aðstöðugjald á sértekjur verði nýtt til uppbyggingar rannsókna og stoðþjónustu.
- Deililíkan háskólans verði endurskoðað í því skyni að auka vægi rannsókna og sértekna, efla fræðasvið háskólans sem stjórnunareiningar, auðvelda samstarf deilda og fræðasviða og auka virkni í námi. Við endurskoðun deililíkansins verði stefnt að því að jafna greiðslur fyrir sambærilega kennslu.
- Rannsóknaaðstaða við Háskóla Íslands verði bætt, m.a. í tengslum við sameiginlega nýbyggingu Landspítala og Heilbrigðisvíndasviðs, Hús íslenskra fræða, alþjóðlega tungumálamiðstöð Stofnunar Vigdísar Finnibogadóttur, nýtt húsnæði fyrir Menntavísindasvið og með því að hefja framkvæmdir við Vísindagarða, m.a. í þágu verkfræði- og raunvísindagreina.
- Háskóli Íslands beiti sér fyrir því að árangurstengdur samningur við stjórvöld um fjármögnun stefnu skólans, sem frestað var í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008, verði virkjaður á nýjan leik á aldarfmæli Háskóla Íslands.
- Háskóli Íslands beiti sér fyrir því að ríkisvaldið efla samkeppnissjóði rannsókna í landinu.

### **Árangur í rannsóknum**

Rannsóknir við Háskóla Íslands taka mið af alþjóðlega viðurkenndum mælikvörðum og gæðaviðmiðum. Lögð er rík áhersla á árangur, áhrif og gæði rannsókna og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna.

- Hvatt verði til fjölgunar gæðabirtinga á öllum fræðasviðum háskólans. Áhersla verði lögð á birtingarvettvang sem gerir strangar fræðilegar kröfur og eykur vísindaleg áhrif rannsóknastarfs háskólans.
- Í hvata- og gæðakerfum háskólans verði í auknum mæli tekið mið af gæðabirtingum eins og þær eru skilgreindar á hverju fræðasviði. Þetta á m.a. við um framgangskerfið, vinnumatssjóði, kröfur til leiðbeinenda í doktorsnámi, ákvörðun starfsskyldna, rannsóknamisseri og skiptingu rannsóknafjárár.
- Háskóli Íslands gegnir forystuhlutverki í rannsóknum á íslenskri menningu og þjóðfélagi og leggur áherslu á að miðla niðurstöðum þeirra á innlendum og erlendum vettvangi.
- Hvatt verði til aukins samstarfs vísindamanna innan Háskóla Íslands. Í því skyni mun skólinn beita sér fyrir því að skilgreina og styðja við þverfræðileg verkefni.
- Háskóli Íslands móti sér stefnu um opinn aðgang (e. *open access*) að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum.
- Vefur háskólans verði styrktur sem megin upplýsingagátt fyrir innlenda og erlenda notendur. Gert verði átak í að bæta upplýsingar um námsframboð fyrir erlenda stúdenta og kynningu á starfi og árangri háskólans á erlendum vettvangi.
- Verðmætin sem fólgin eru í rannsóknum háskólans verði nýtt markvisst í þágu nýsköpunar og frumkvöðla- og þróunarstarfs. Í því skyni verði m.a. leitað skipulega að hagnýtanlegum verkefnum og rannsóknaniðurstöðum og gildi nýsköpunar fléttuð inn í grunn- og framhaldsnám. Stoðkerfi nýsköpunar verði efti og samstarf aukið við aðila utan háskólans sem vinna að hlíðstæðum markmiðum.
- Kynning á nýsköpun og frumkvöðla- og þróunarstarfi verði stórefld. Skipulegt átak verði gert meðal stúdenta og starfsmanna á öllum fræðasviðum til að auka vitund þeirra um gildi nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs. Opnuð verði vefsíða helguð nýsköpun og árleg Nýsköpunarmessa Háskóla Íslands gerð sýnilegri.

### **Öflugt meistara- og doktorsnám**

Öflugt framhaldsnám sem hvílir á traustum grunni er forsenda að Háskóli Íslands geti rækt hlutverk sitt og náð langtímarkmiðum sínum. Gróskumikið rannsóknanað gerir háskólanum kleift að laða til sín bestu innlendu framhaldsnemana og færstu kennarana.

- Stefnt er að því að árlegur fjöldi brautskráðra doktora verði hlutfallslega sambærilegur við fjölda þeirra í nágrannalöndum okkar, eða 60-70 á ári.
- Háskólinn beiti sér fyrir því að ríkisvaldið komi að heildstæðri fjármögnun doktorsnámsins með skýrar gæðakröfur að leiðarljósi.

- Hlutfall brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands sem hafa sameiginlega doktorsgráðu með erlendum rannsóknaháskólum verði a.m.k. 10% árlega.
- Virkni doktorsnema í námi verði tryggð með því að styrkja umgjörð þess, bæta aðstöðu til námsins og skýra ábyrgð leiðbeinenda. Við upphaf doktorsnáms verði gerð krafa um raunhæfa áætlun um fjármögnun og framvindu. Fylgst verði reglulega með virkni og árangri doktorsnema, m.a. með árlegum framvinduskýrslum.
- Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands verði efla og fest í sessi, m.a. með því að fá henni ríkara eftirlits- og samræmingarhlutverk í tengslum við framkvæmd doktorsnámsins. Gildandi *Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands* verði endurskoðuð, m.a. með hliðsjón af hlutverki Miðstöðvar framhaldsnáms. Skilgreind verði hliðstæð formleg viðmið og kröfur fyrir rannsóknatengt meistaranám.
- Meistaranám verði eftt, m.a. með fullnægjandi framboði námskeiða og skipulegu samstarfi við erlenda háskóla.

#### **LYKILMÆLIKVARÐAR**

**Til að meta árangur af stefnu Háskóla Íslands um rannsóknir og nýsköpun verða eftirfarandi lykilmælikvarðar notaðir:**

- Brautskráningarhlutfall doktorsnema, þ.e. hlutfall doktorsnema sem ljúka námi á tilsettum tíma (*e. graduation rate*).
- Brautskráningarhlutfall meistaranema.
- Fjöldi námskeiða á framhaldsstigi sem stendur nemendum á hverri námsleið til boða.
- Árleg fjölgun gæðabirtinga á hverju fræðasviði, þ.e. í ERIH-tímaritum, ISI-tímaritum og á öðrum ritrýndum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar gæðakröfur, s.s. í bókum og bókaköflum.
- Árleg aukning tekna úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi þverfræðilegra rannsóknaverkefna vísindamanna Háskóla Íslands sem hljóta styrk úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi samninga við öfluga innlenda og erlenda samstarfsaðila.
- Fjöldi samstarfs- og þróunarverkefna með aðilum úr atvinnu- og þjódlífi.
- Fjöldi einkaleyfaumsókna, veittra einkaleyfa og sprotafyrirtækja.
- Fjöldi annarra hagnýtingarverkefna (sem ekki leiða til stofnunar fyrirtækja og einkaleyfaumsókna).
- Fjöldi nýdoktora.

### **3.2.2 Stefna um nám og kennslu**

Öflugt grunnnám á fjölbreyttum fræðasviðum hefur verið aðalsmerki Háskóla Íslands um áratuga skeið. Í krefjandi háskólanámi er lögð áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð nemenda, nána samvinnu nemenda og kennara, góða aðstöðu til náms og fjölbreytt tækifæri nemenda til að vinna sjálfstæð rannsóknaverkefni, m.a. í samstarfi við aðila úr atvinnu- og þjódlífi. Auk fræðilegar þekkingar og tæknilegar færni á tilteknu sviði á allt nám við Háskóla Íslands að stuðla að færni í vísindalegum aðferðum, gagnrýnni hugsun og traustri síðferðilegri dómgreind er nýtist stúdentum í frekara námi og starfi sem ábyrgum borgurum.

#### **Samþætting kennslu og rannsókna – öflugt grunnnám**

Kennsla og rannsóknir eru órjúfanlega tengd í rannsóknaháskóla. Markviss samþætting kennslu og rannsókna eykur gæði alls náms við háskólann og tryggir að kennsla og rannsóknir njóti ávallt sama forgangs.

- Fræðasvið og deildir Háskóla Íslands marki sér skýra kennslustefnu sem kveði m.a. á um samþættingu rannsókna og kennslu á öllum námsstigum. Í stefnu fræðasviða og deilda um kennslu, kennsluhætti og námsmat komi fram skýr markmið um gæði kennslu og náms og til hvaða mælikvarða verði horft við framkvæmd stefnunnar.
- Nemendur fái tækifæri til að kynnast hæfstu rannsakendum og kennurum skólans þegar á fyrsta ári í grunnnámi. Fjöldað verði tækifærum nemenda til að vinna að sjálfstæðum rannsóknaverkefnum sem tengast atvinnu- og þjódlífi.
- Lögð verði áhersla á fjölbreytta kennsluhætti sem hvetja nemendur til virkrar þátttöku í náminu.

- Í samvinnu við Kennslumiðstöð háskólans verði kennurum boðin fræðsla og stuðningur við að samþætta rannsóknir og kennslu í grunn- og framhaldsnámi. Lögð verði áhersla á að fá færstu sérfræðinga um samþettingu kennslu og rannsókna sem leiðbeinendur.
- Aðstaða til rannsóknatengdrar kennslu verði bætt, m.a. með markvissri notkun upplýsingatækni, fjarkennslu og samstarfi við fremstu rannsóknaháskóla heims.
- Háskóli Íslands gegnir lykilhlutverki við menntun fagfólks á fjölmörgum sviðum. Lögð verði áhersla á að nemendur í starfsnámi fái fjölbreytta þjálfun á vettvangi.
- Gert verði átak í að bæta aðgang nemenda og kennara að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum.
- Stuðlað verði með markvissum hætti að auknu samstarfi deilda og fræðasviða í því skyni að fjölgatækifærum nemenda til að kynnast rannsakendum og rannsóknaraðferðum á ólkum sviðum, styrkja þverfræðilegt samstarf og nýta sem best mannað og fjármuni háskólans.
- Háskólinn móti sér stefnu um nýtingu upplýsingatækni og fjarkennslu fyrir árslok 2011, m.a. til að greiða fyrir samstarfi við innlenda og erlenda háskóla. Fjarkennsla verði eflað í völdum greinum.
- Upplýsingalæsi nemenda verði aukið, m.a. með þjálfun í heimildaleit, notkun gagnasafna og skýrri framsetningu upplýsinga og þekkingar.
- Hlutfallið á milli fjölda fastra kennara (ársverk) og virkra nemenda verði bætt. Sérstakt átak verði gert í deildum þar sem þörfin er brýnust.

### **Þátttaka, ástundun og ábyrgð í námi**

Háskóli Íslands tryggir öllum nemendum jöfn tækifæri til góðrar menntunar sem uppfyllir viðurkenndar alþjóðlegar gæðakröfur. Við Háskóla Íslands er lögð rík áhersla á að nemendur taki sjálfir ábyrgð á eigin námi og beri virðingu fyrir þeim gæðum sem íslenskt samfélag lætur þeim í té með háskólamenntun. Mikilvægt er að allt fyrirkomulag náms við háskólann stuðli að góðri ástundun nemenda. Háskólinn leggur áherslu á að nemendur séu upplýstir um réttindi sín og komi að ákvörðunum sem varða hagsmuni þeirra.

- Háskóli Íslands endurskoði stefnu sína um inntöku nýnema. Inntökukröfur verði endurskilgreindar og markvisst unnið að því að auka námsástundun, bæta námsframvindu og draga úr brottfalli. Endurkomuhlutfall (*e. retention rate*) nemenda á öðru námsári og fimm ára brautskráningaráhlutfall (*e. graduation rate*) verði aukið um 5% á ári á tímabilinu 2011–2016.
- Skilgreindur verði hámarkstími til að ljúka prófgráðu í öllum deildum og á öllum námsstigum. Einnig verði skilgreindur samanlagður hámarkstími sem hver nemandi hefur til að ljúka fyrstu prófgráðu.
- Nemendum verði gert kleift að skrá sig í hlutanám frá og með haustinu 2012. Kröfur um námsframvindu taki mið af því hvort um fullt nám eða hlutanám er að ræða.
- Lögd verði aukin áhersla á símat og fjölbreytilegar matsaðerðir og með því dregið úr vægi lokaprófa.
- Háskóli Íslands leggur áherslu á skilvırka og áreiðanlega miðlun upplýsinga um nám og kennslu í samræmi við viðurkennd alþjóðleg viðmið. Í því skyni verði lokið við uppbyggingu öflugs gagnagrunns (vöruhúss gagna) sem nýtist við skipulagningu, uppgjör og mat á árangri náms og kennslu.
- Nemendur séu ávallt upplýstir um þær kröfur sem til þeirra eru gerðar sem námsmanna og háskólaborgara, m.a. um þátttöku í stjórnun skólans. Félög nemenda gæti að orðspori Háskóla Íslands í tengslum við atburði og útgáfum á þeirra vegum.
- Háskóli Íslands leggur áherslu á að allir nemendur séu vel upplýstir um einstök námskeið og námsleið sína í heild og njóti stuðnings í námi sínu. Í þessu skyni er m.a. lögð áhersla á áframhaldandi þróun Uglu, öfluga náms- og starfsráðgjöf og fjölbreytilegt stuðningsnet nemenda og kennara.

### **Árangur í kennslu**

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á gæði náms og framúrskarandi kennslu. Háskólinn vill umbuna þeim sérstaklega sem rækja kennarastarfíð af fagmennsku og beita sér fyrir þróun kennsluháttar.

- Við Háskóla Íslands verði beitt fjölbreyttum aðferðum til að meta gæði náms og kennslu, s.s. með könnunum og skipulegum samráðsfundum nemenda og kennara í öllum deildum. Þróaðar verða í samvinnu við kennslumálanefnd og Kennslumiðstöð aðferðir við jafningjamat á kennslu.
- Fjöldi námseininga (ECTS) og vinnuálag nemenda í einstökum námskeiðum verði samræmt.

- Viðmið um námsmat verði samræmd milli deilda og fræðasviða og taki mið af skilgreindum hæfniviðmiðum.
- Deildir endurmeti reglulega í samstarfi við fulltrúa nemenda námsframboð og hvort námskeið og námsleiðir séu í samræmi við skilgreind hæfniviðmið.
- Kennslukönnun verði einfölduð og þátttaka í henni gerð að skyldu frá hausti 2011. Eftirfylgni með kennslukönnuninni verði aukin, m.a. með því að gera niðurstöður opinberar eftir því sem kostur er.
- Stúdentar taki virkan þátt í eftirfylgni með kennslukönnunum. Þeim verði gert kleift að koma athugasemdum sínum um kennslu á framfæri snemma á hverju misseri, m.a. með stuttum viðhorfskönnunum og í viðtölum við umsjónarmenn grunn- og framhaldsnáms.
- Próuð verði sérstök kennslukönnun fyrir framhaldsnám.
- Kennsluferilskrár kennara verði þróaðar áfram í því skyni að auka gæði náms og þær notaðar með markvissum hætti til að umbuna fyrir árangur í kennslu.
- Haldin verði á vettvangi Kennslumiðstöðvar háskólans sérstök námskeið um kennsluhætti, nýjungar í kennsluaðferðum og leiðbeiningu framhaldsnema sem allir kennrarar, jafnt nýir sem eldri, sækji með reglubundnum hætti. Kennrarar fái kennsluafslátt þegar þeir sækja slík skyldunámskeið.
- Háskóli Íslands leitast við að skapa nemendum sínum aukin tækifæri til að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla.
- Fylgst verði reglubundið með afdrifum brautskráðra nemenda í frekara námi og starfi, m.a. í því skyni að meta gæði og árangur námsins, þróa námsframboð og styrkja tengsl við atvinnulíf og fyrverandi nemendur.

### Tengsl við fyrri skólastig

Háskóla Íslands er afar mikilvægt að eiga náið samstarf við grunn- og framhaldsskóla landsins. Háskólinn leggur áherslu á að glæða áhuga ungs fólks á vísindum og fræðum.

- Tengsl háskólans við framhaldsskólana í landinu verði styrkt enn frekar, m.a. með reglulegum samráðsfundum. Háskólinn taki virkan þátt í umræðu um hlutverk og þróun framhaldsskólans í menntakerfinu.
- Tengsl háskólans við grunnskóla landsins verði styrkt. Háskólinn leggi sig fram um að veita ungu fólkri fræðslu og vekja áhuga þess á vísindum, m.a. með Vísindavefnum og Háskóla unga fólksins.
- Til að tryggja að nýnemar séu upplýstir og færir um að hefja krefjandi háskólanám mun Háskóli Íslands skilgreina og kynna hæfnikröfur sem uppfylla verður í hinum ólíku deildum skólans. Enn fremur leitast háskólinn við að upplýsa nemendur um atvinnumöguleika að námi loknu.
- Háskóli Íslands leggur áherslu á að laða til sín hæfstu nemendurna úr framhaldsskólum landsins og veita afburðanemendum á öllum námsstigum háskólans aðstöðu og stuðning eftir því sem kostur er. Í því augnamiði verði leitast við að fjölgja styrkjum til afburðanema og halda á lofti árangri þeirra í námi.

### LYKILMÆLIKVARÐAR

**Til að meta árangur af stefnu Háskóla Íslands um nám og kennslu verða eftirfarandi lykilmælikvarðar notaðir:**

- Árangur við samþættingu kennslu og rannsókna, t.d. fjöldi prófessora sem kenna á fyrsta námsári í grunnnámi, kennslustefnu fræðasviða og aðstöðu til rannsóknatengds náms.
- Endurkomuhlutfall á öðru námsári í grunnnámi.
- Brautskráningarhlutfall í grunnnámi.
- Hlutfall fastra kennara (ársverk) og virkra nemenda.
- Fjöldi kennara sem tekur þátt í námskeiðum um kennsluhætti og kennsluaðferðir.
- Hlutfall námskeiða þar sem beitt er fjölbreyttu námsmati.
- Fjöldi námskeiða sem byggjast á fjölbreyttum kennsluaðferðum sem virkja nemendur til þátttöku.
- Fjöldi nemenda sem tekur þátt í rannsóknavinnu kennara.
- Fjöldi nemenda sem sinnir aðstoðarkennslu.

- Hlutfall þeirra nemenda sem eru ánægðir með nám og námsaðstöðu við Háskóla Íslands.
- Fjöldi nemenda sem tekur hluta af námi við erlenda háskóla.
- Fjöldi erlendra nemenda við Háskóla Íslands.
- Fjöldi brautskráðra nemenda frá Háskóla Íslands sem fer í framhaldsnám við erlenda háskóla eða háskóladeildir sem eru meðal hundrað bestu í heimi á hverju sviði.
- Hlutfall nemenda frá Háskóla Íslands sem er í starfi sex mánuðum eftir brautskráningu.

### 3.2.3 Stefna um mannauð

Starfsfólk og nemendur eru fjársjóður Háskóla Íslands og skólinn leggur ríka áherslu á velferð þeirra. Samskipti innan skólans einkennast af gagnkvæmri virðingu og trausti. Það er háskólanum kappsmál að stuðla að velferð, vellíðan og heilbrigði starfsfólks og nemenda, m.a. með góðu vinnuumhverfi, fjölbreyttri starfsþróun og hvatningu til árangurs og gæða í námi og starfi. Styrk forysta, öflug liðsheild og skapandi einstaklingar eru lykillinn að gæðamenningu og árangri Háskóla Íslands.

- Háskólinn haldi áfram að efla stjórnerfi sitt, styrkja stoðþjónustu og bæta verkferla til að auðvelda skólanum að ná markmiðum sínum.
- Vandað ráðningarárferli og skipuleg nýliðun starfsfólks er undirstaða mannauðsstefnu háskólans. Gerðar eru miklar kröfur um hæfni við ráðningu og framgang á milli starfsheita. Háskólinn vill laða til sín starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn. Í því skyni verði m.a. leitast við að auglýsa akademisk störf á alþjóðlegum vettvangi.
- Háskólinn leggur metnað sinn í að taka vel á móti nýjum starfsmönnum og nemendum. Sérstaklega verði hugað að móttöku og upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna og nemenda. Lög, reglur, verkferlar og helstu tilkynningar verði ávallt aðgengileg á íslensku og ensku.
- Nýir kennrarar fái stuðning við að undirbúa rannsóknna- og kennsluferil sinn við Háskóla Íslands, t.d. með sérstökum stuðningi Rannsóknasjóðs háskólans.
- Háskóli Íslands er eftirsóknarverður viðnustaður og leitast við að bjóða starfsmönnum sínum samkeppnishæf launakjör sem taka mið af árangri í starfi.
- Háskólinn leggur áherslu á starfsþróun og bíður starfsfólk fíjölbreytta möguleika til að viðhalda og efla starfshæfni sína, s.s. með námskeiðum fyrir kennara, stjórnendabjálfun og margvíslegri fræðslu fyrir alla starfsmenn.
- Fræðasvið og deildir komi á samráðsvettvangi með fulltrúum atvinnu- og þjóðlíf, m.a. til að fjalla um menntunarþarfir og gengi brautskráðra nemenda.
- Með þáttöku utanaðkomandi stundakennara hleypir Háskóli Íslands nýjum straumum inn í starf skólans og eflir tengsl við atvinnu- og þjóðlíf. Gert verði átak í að bæta kjör og aðstöðu stundakennara og styrkja stöðu þeirra innan Háskóla Íslands. Mörkuð verði stefna um æskilegt hlutfall stundakennslu af heildarkennslumagni, ráðningarárferli stundakennara, hæfnikröfur, þjálfun og upplýsingamiðlun til þeirra.
- Það er styrkur Háskóla Íslands að þar stunda fíjölbreyttir hópar nám og kappkostar skólinn að bjóða metnaðarfult námsumhverfi og tryggja jöfn tækifæri til náms.
- Erlendir starfsmenn og stúdentar verði hvattir til að sækja námskeið í íslensku. Erlendir meistara- og doktorsnemar gangist eftir því sem við á undir stöðupróf í ensku ádur en þeir hefja nám.
- Háskólinn kappkostar að búa starfsmönnum og stúdentum aðstæður til að samræma kröfur starfs og einkalífs eins og kostur er.
- Allir stjórnendur háskólans tryggi örugga skráningu og varðveislu upplýsinga og markvissa miðlun þeirra til starfsfólks og stúdenta. Starfsfólk og stúdentum ber að afla sér þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að geta rækt starf og nám af kostgæfni.
- Gert verði átak til að tryggja almenna notkun skjalakerfisins Námu, m.a. á vettvangi fræðasviða og deilda.
- Innra eftirlit við háskólann verði eft. Gerðar verði úttektir á völdum þáttum starfseminnar og settar fram tillögur til úrbóta.

## LYKILMÆLIKVARÐAR

Til að meta árangur af stefnu Háskóla Íslands um mannaúð verða eftirfarandi lykilmælikvarðar notaðir:

- Starfsmannavelta.
- Starfsánægja samkvæmt viðurkenndum viðhorfskönnunum.
- Mat nýrra starfsmanna á móttöku og leiðsögn við upphaf starfs.
- Ánægja nemenda samkvæmt viðurkenndum viðhorfskönnunum.
- Hlutfall akademískra starfsmanna með doktorspróf.
- Hlutfall þeirra starfsmanna sem taka þátt í árlegu starfsmannasamtali.
- Meðalaldur nýráðinna akademískra starfsmanna.
- Hlutfall starfsmanna sem sækir endur- og símenntun.
- Fjöldi stundakennara.
- Samanburðarhæfni launa og kjara.

### 3.2.4 Stefna um ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum

Háskóli Íslands er æðsta menntastofnun þjóðarinnar og hefur ríkum skyldum að gegna við íslenskt samfélag, náttúru, menningu og tungu. Háskólinn sinnir skyldum sínum gagnvart samfélaginu og umheiminum fyrst og fremst með öflugum rannsóknum og kennslu. Mikilvægt er að skólinn kynni vísindastarf sitt, nýjar lausnir sem gerjast í alþjóðlegri fræðilegri umræðu og taki þátt í þróunar- og nýsköpunarverkefnum. Brýnt er að vísindamenn skólangs ástundi uppyggilega gagnrýni á þeim vettvangi sem hver og einn þekkir best og að þeir taki virkan þátt í opinberri umræðu á vandaðan hátt. Skólinn leggur áherslu á að starfsfólk og stúdentar séu ábyrgir borgarar í lýðræðissamfélagi. Sem alþjóðlegur rannsóknaháskóli skilar háskólinn mikilsverðu framlagi til vísindasamfélagsins, undirbýr nemendum sína til þátttöku í alþjóðlegu samfélagi og veitir þeim þjálfun í að takast á við áskoranir 21. aldar.

- Fræðimenn háskólangs eru virkir þátttakendur í opinberri umræðu og stuðla að uppyggingu íslensks samfélags í krafti sérþekkingar sinnar. Þeir gæta hlutlægni og upplýsa um fjárhagsleg eða önnur hagsmunatengsl við umfjöllunarefni sín eftir því sem við á. Jafnframt forðast þeir að setja sig í aðstæður sem ógna fræðilegum heilindum þeirra.
- Háskólinn leggur áherslu á að efla tengsl við atvinnulíf í landinu svo að nám og rannsóknir taki mið af aðstæðum í samfélaginu hverju sinni. Þannig stuðlar háskólinn að kröftugu atvinnulífi um leið og hann veitir nemendum sínum brautargengi í krefjandi framtíðarstörfum.
- Háskóli Íslands vill efla rannsóknir á grunnstoðum íslensks samfélags, m.a. í tengslum við uppyggingu íslenskrar stjórnsýslu og réttarkerfis.
- Vísindamenn háskólangs taki virkan þátt í margvíslegu þróunarstarfi í krafti sérþekkingar sinnar og stuðli þannig að nýsköpun.
- Öll fræðasvið og deildir setji sér markmið og skilgreini leiðir til að fléttu saman siðfræði og faglegt nám, efla siðferðilega dómgreind og þjálfa gagnrýna hugsun.
- Háskólinn setji formlegar starfsreglur um þjónusturannsóknir og kostuð störf sem kveði m.a. á um fræðilegt sjálfstæði gagnvart verkkaupa og kostunaraðila.
- Háskóli Íslands taki virkan þátt í að kynna innflytjendum með háskólamenntun þá kosti sem þeir hafa til að nýta menntun sína hér á landi. Enn fremur verði gert átak í að auka aðsókn innflytjenda að námi í Háskóla Íslands.
- Háskólinn mun setja sér metnaðarfulla umhverfisstefnu og vill auka skilning og þekkingu fólks á sjálfbærni jafnt innan skólangs sem utan.
- Fræðsla fyrir almenning verði efla með víðtaekri miðlun vísinda og nýsköpunar, s.s. á vettvangi Vísindavefsins, Háskóla unga fólkssins og með opnum fyrirlestrum, málþingum og öðrum viðburðum. Nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í slíkri fræðslu, eins og gert hefur verið á árangursríkan hátt, t.d. með forvarnarstarfi lækna-, hjúkrunar- og lyfjafræðinema, lögfræðiaðstoð laganema og Grænum dögum nemenda í umhverfis- og auðlindafræði.

- Háskólinn stuðli að umræðu um hvernig draga megi úr brottfalli á framhaldsskólastigi. Sérstaklega verði hugað að þeim sem standa höllum fæti í skólakerfinu, s.s. vegna erlends uppruna eða bágrar efnahagslegrar stöðu.
- Háskólinn mæti þörfum samfélagsins fyrir endur- og símenntun með fjölbreyttu námsframboði á vettvangi deilda og Endurmenntunarstofnunar.
- Hollvinastarf verði efti tengslum við aldarafmáli Háskóla Íslands, m.a. með stofnun hollvinafélaga og sérstökum hollvinavef.

#### **LYKILMÆLIKVARÐAR**

**Til að meta árangur af stefnu Háskóla Íslands um ábyrgð gagnvart samféluginu og umheiminum verða eftirfarandi lykilmælikvarðar notaðir:**

- Sjálfbærni Háskóla Íslands samkvæmt viðurkenndum mælikvörðum.
- Árangur við að fléttu saman siðfræði og annað nám samkvæmt skilgreindum hæfniviðmiðum námskeiða eða námsleiða.
- Fjöldi opinna fyrirlestra, málþinga og ráðstefna við Háskóla Íslands.
- Fjöldi viðtala, erinda og greina starfsmanna háskólans í fjölmíðum.
- Fjöldi nemenda í Háskóla unga fólkssins.
- Fjöldi spurninga og svara á Vísindavef Háskóla Íslands.

Stefna Háskóla Íslands 2011-2016 var samþykkt á háskólapingi 7. desember 2010 og í háskólaráði 17. desember 2010.

### **3.3 Framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011**

Fylgst er náið með framkvæmd og árangri *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016*. Á vettvangi rektors er haldið nákvæmt verkbókhald um einstaka þættir stefnunnar og farið reglulega yfir stöðu framkvæmdarinnar og gerð grein fyrir henni í háskólaráði, á háskólapingi og á reglulegum fundum rektors með forsetum fræðasviða.

## **4. Nám og kennsla**

Kennslusvið háskólans hefur yfirumsjón með sameiginlegum málum er lúta einkum að kennslu, námi og nemendum háskólans, þjónustu við nemendur og kennara, kennsluskrá, námsgreinum, námsleiðum, prófgráðum og prófskírteinum, nemendakerfi Uglu, inntökuskilyrðum, aðgangs- og hæfniviðmiðum, inntöku og skráningu nemenda, prófahaldi, mati á námi frá öðrum skólum, innlendum sem erlendum, setningu reglna og eftirliti með framkvæmd þeirra, samningagerð, jafnréttismálum, undirbúnungi og afgreiðslu mála fyrir háskólaráð og rektor og þjónustu við kennslumálaneftnd háskólaráðs, jafnréttisnefnd og siðanefnd. Náin samvinna er við Miðstöð framhaldsnáms, vísindasvið og fræðasvið og deildir.

Kennslusviði tilheyra sem sérstakar starfseiningar Nemendaskrá, Kennslumiðstöð, Náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, Alþjóðaskrifstofa háskólans, Matsskrifstofa og Þjónustuborð í Háskólatorgi. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins er starfrækt á kennslusviði (á Alþjóðaskrifstofu), skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem og ENIC/NARIC-upplýsingaskrifstofa um viðurkenningu náms frá öðrum löndum (á Matsskrifstofu).

Á skrifstofu kennslusviðs er eitt meginverkefnið umsjón með undirbúnungi funda háskólaráðs og að ákvörðunum þess og rektors sé framfylgt í samræmi við gildandi lög og reglur. Þá hefur kennslusvið umsjón með samningagerð í mörgum málefnum f.h. háskólans, breytingum á lögum og reglum og setningu nýrra reglna.

Sviðsstjóri hefur umsjón með framkvæmd verkefna samstarfsnefndar háskólastigsins og stefnunefndar Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss og tengslum við Samtök norrænna háskóla (NUS) og Samtök evrópskra háskóla (EUA).

## 4.1 Kennsluskrá og skipulag kennslu

### 4.1.1 Skipulag kennslu

Reglur fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009, sem eru sameiginlegar reglur háskólans, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Þær og aðrar reglur, sem háskólaráð setur á grundvelli laga um opinbera háskóla, skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Reglur nr. 569/2009 fjalla að stórum hluta um skipulag og tilhögun náms og kennslu við skólan, svo og hlutverk aðila og skiptingu ábyrgðar hvað varðar málefni sem snerta nám og kennslu.

Auk þessara reglna hefur háskólaráð sett ýmsar sértækari reglur sem kveða á um þætti sem snerta nám og kennslu í greinum sem eru á faglegri ábyrgð einstakra fræðasviða og deilda, reglur um þverfræðilegt framhaldsnám í tilteknum greinum, auk sérstakra reglna um inntökuskilyrði, inntöku í einstakar námsgreinar og fjöldatakmarkanir.

#### Námsleiðir

Námi í kennslugreinum við Háskóla Íslands er skipað í námsleiðir í samræmi við [Viðmið um aðri menntun og prófgráður](#) sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út. Skilgreiningu á námsleið og [kjörsviði](#) eða [áberslulínu](#) innan námsleiðar er að finna í [verlagsreglum um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða](#). Verlagsreglurnar byggja á ákvæðum [53. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#) og [8. gr. laga um háskóla nr. 63/2006](#) og eru hluti af gæðakerfi skólans. Þær kveða á um hvaða upplýsingar og forsendur þurfa að liggja fyrir þegar stofnað er til nýs náms, hvaða kröfur og skilyrði þarf að uppfylla og hvernig staðið skuli að endurskoðun og mati á námsleiðum. Efnispáttum og skilgreiningaratriðum námsleiða er einnig lýst í [verlagsreglum um kennsluskrá](#).

#### Ábyrgðaraðilar og samþykktarferli

Háskólaeildir eru samkvæmt reglum skólans ([sjá 15. gr.](#)) faglegar grunneiningar hans og þær er námsframboð í einstökum greinum skipulagt. Námsframboð hverju sinni er ákvárdar að af deildarfundi hverrar deildar, deildaráði, námsbraut eða námsstjórn, eftir því sem við á. Samkvæmt [12. gr. reglna nr. 569/2009](#) skal stjórn fræðasviðs fjalla um tillögur deilda um nýjar námsleiðir. Ef tillaga um nýja námsleið er samþykkt í stjórn fræðasviðs skal stjórnin, f.h. viðkomandi deildar, gera rökstudda tillögu til háskólaráðs um námið og viðeigandi breytingar á reglum. Sé um að ræða námsleið á meistara- eða doktorsstiði skal fyrst leita umsagnar og staðfestingar Miðstöðvar framhaldsnáms. Ritstjóri kennsluskrár og fleiri starfsmenn kennslusviðs fara einnig yfir upplýsingar um nýjar námsleiðir og staðfesta þær áður en til birtningar kemur.

Mat og endurskoðun á einstökum námsleiðum fer fram á vettvangi deilda og námsbrauta. Þegar um er að ræða þverfræðilegt framhaldsnám, eða nám sem lýtur sérstöku samkomulagi þvert á deildir, liggar ábyrgðin hjá viðkomandi námsstjórn. Kennslunefndir fræðasviða og námsnefndir deilda gegna hér mikilvægu hlutverki, en í þeim eiga nemendur sína fulltrúa. Oft skipa deildir eða námsbrautir umsjónarmenn einstakra námsleiða og eru þeir þá tilgreindir í kennsluskrá.

Í [stefnu Háskóla Íslands 2011-2016](#) er lögð áhersla á að deildir endurmeti reglulega, í samstarfi við fulltrúa nemenda, námsframboð og hvort námsleiðir og námskeið séu í samræmi við skilgreind hæfniviðmið. [Erindisbréf kennslumálanefndar háskólaráðs](#) (endurnýjað í júni 2011) kveður á um það að eitt af verkefnum nefndarinnar sé að tryggja að fræðasvið og deildir Háskólans skilgreini og uppfæri reglulega hæfniviðmið fyrir allar námsleiðir og námskeið, í samræmi við [Viðmið um aðri menntun og prófgráður á Íslandi](#).

#### Námskeið

Kennsla í Háskóla Íslands skal samkvæmt [53. gr. reglna nr. 569/2009](#) fara fram í námskeiðum, sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 60 einingar á námsári að jafnaði, 30 einingar á hvoru kennslumisseri, og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum og prófum. Námseiningar við HÍ eru í samræmi við [lög um háskóla nr. 63/2006](#) og jafngilda [ECTS-einingum](#) (*European Credit Transfer and Accumulation System*).

Ábyrgðaraðilar varðandi undirbúning, uppbyggingu og skipulag námskeiða eru þeir sömu og getið er um í málsgreinum um ábyrgðaraðila og samþykktarferli hér að ofan. Deildir, námsbrautir og námsstjórnir ákvárdar skiptingu kennslu milli einstakra kennara en námsnefndir deilda fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, annast umsagnar og gera tillögur um námskipan og kennslufyrirkomulag greinarinnar. Í ljósi ákvörðunar um framboð námskeiða og kennslufyrirkomulag hverju sinni er námskeiðum svo stillt upp sem [skrefum](#) á námsleiðir og getur eitt og sama námskeiðið verið skref á fleiri en einni námsleið. Yfirlit námsleiðar í kennsluskrá sýnir skipulag námskeiða/skrefa eftir kennsluárum og misserum og sömuleiðis hvort tiltekið námskeið er skylda, bundið val eða valnámskeið á námsleiðinni.

Starfsmenn deilda og námsbrauta annast uppsetningu námsleiða og námskeiða í kennsluskrá, í samráði við námsnefndir og þá kennara sem umsjón hafa með viðkomandi námi. Kennrarar tiltekins námskeiðs geta breytt

ákveðnum upplýsingum um það, t.d. námskeiðslýsingu, á endurskoðunartímabili kennsluskrár ár hvert, en aðrar upplýsingar, svo sem um hæfniviðmið, kennslubækur og námsmat, geta þeir uppfært þegar þörf krefur. Ítarlega er fjallað um hlutverk, ábyrgð og samstarf tengiliða deilda, kennara og annarra sem að gerð kennsluskrár koma í **verlagsreglum um kennsluskrá**.

Í námskeiðakerfi Uglu nær hugtakið námskeið (e. *course*) yfir mismunandi tegundir einingabærra námsáfanga. Skilgreindar námskeiðstegundir sem geta verið skref á námsleiðum eru: *Námskeið, klinískt nám, lesnámskeið, málstofa og verkefni*. *Lokaverkefni* (lokaritgerðir) lúta sérstökum lögmálum sem skref á námsleiðum og er haldið utan um þau í sérstöku skráningarkerfi. Námskeiðstegundirnar *mettið nám og skiptinám* eru hins vegar eingöngu notaðar til þess að skrá þá námsáfanga nemenda sem aflað er utan eiginlegs námsframboðs HÍ.

### Kennsluskrá og val á námskeiðum

Nemendur háskólans eru skrádir í námsleiðir sem leiða til prófgráðu eða diplómu. Í kennsluskrá er námskeiðum stilt upp sem skrefum á námsleiðum og kjörsviðum námsleiða, sbr. kafla 4.1.2, eftir kennsluárum og misserum. Valmöguleikar nemenda til skráningar í námskeið råðast að mestu af þeim ramma sem námsleiðirnar skapa. Þetta gildir bæði við umsókn um nám og við árlega skráningu í námskeið. Í báðum tilvikum er um rafræna skráningu að ræða og námskeiðalistinn sem umsækjanda eða nemanda birtist í skráningarferlinu fer eftir uppröðun námskeiða á viðkomandi námsleið í kennsluskrá. Umsækjendum og nemendum er þó ávallt bent að kynna sér skipulag viðkomandi náms í kennsluskrá og við árlega skráningu eiga nemendur kost á því að bæta við og skrá sig í námskeið sem ekki eru tilgreind sem skref á viðkomandi námsleið.

### Háskólaárið - kennslualmanak

Háskólaárið telst samkvæmt reglum skólans (sjá [52. gr.](#)) frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár og skiptist það í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 20. ágúst til 18. desember og vormisseri frá 4. janúar til 10. maí. Kennsla haustmisseris hefst að jafnaði í síðari hluta ágústmánaðar eða byrjun september. Nokkur munur getur verið á tímasetningum kennslu og prófa hjá einstökum fræðasviðum og deildum.

Kennslualmanak (kennsludagatal) er birt í kennsluskrá ár hvert og sýnir mikilvægar dagsetningar háskólaársins sem tengjast umsóknum, skráningu, kennslu, prófum og brautskráningu. Vísad er á það kennslualmanak sem í gildi er hverju sinni á síðunni <http://www.hi.is/adalvefur/kennslualmanak>.

### Stundaskrár

Skráðir nemendur í Háskóla Íslands geta skoðað persónulega stundatöflu sína á innri vefnum Uglu, með því að smella þar á „*Stundataflan míin*“. Auk þess er hægt að fletta upp stundatöflum á vef háskólans, á sérstakri síðu með tenglum á upplýsingasíður deilda um stundatöflur. Slóðin á síðuna er <http://www.hi.is/adalvefur/stundatoflur>. Starfsfólk fræðasviða og deilda ber ábyrgð á því að setja saman stundatöflur og birta þær á viðeigandi vefsíðum.

### 4.1.2 Kennsluskrá og nemendakerfi Uglu

Kennsluskrá Háskóla Íslands er nú gefin út árlega á vefnum eingöngu, en útgáfu hennar í bókarformi var hætt frá og með háskólaárinu 2007-2008. Í kennsluskránni ([kennsluskra.hi.is](http://kennsluskra.hi.is)) eru m.a. tilgreindar allar námsleiðir og öll námskeið sem kennd eru við skólan og skipulagi námsins lýst. Gerð er grein fyrir hverri námsleið og hverju kjörsviði (áherslulínu) þegar við á, með yfirliti um námskeið og skiptingu þeirra á misseri og námsári. Lýsingum einstakra námskeiða má fletta upp, bæði á íslensku og ensku, auk annarra ítarupplýsinga. Í kennsluskrá er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snerta umsóknir um nám, skráningu nemenda og skrásetningargjöld, nám og próf, svo og þjónustu við nemendur, réttindi þeirra og skyldur.

Um efni kennsluskráar, verkaskiptingu aðila, ábyrgð og vinnureglur er kveðið á í sérstökum **verlagsreglum um kennsluskrá** um kennsluskrá, í samræmi við ákvæði í [23. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#). Verlagsreglurnar voru samþykktar í háskólaráði 5. nóvember 2009 og eru þær hluti af gæðakerfi Háskólans. Innak kennsluskráar og þau efnisatriði sem þær skal gera grein fyrir eru tilgreind 2. kafla verlagsreglnanna. Miðað er við núverandi skipulag kennsluskráar, sbr. lýsingu hér að neðan, og í stórum dráttum stuðst við þann ramma sem markaður er kafla 6.1 í [ECTS User's Guide](#), útg. 2009.

Í framhaldi af setningu þessara reglna og í samræmi við ákvæði [53. gr. reglna nr. 569/2009](#) voru settar **verlagsreglur um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða**, sem einnig tengjast með beinum hætti vinnu við kennsluskrá. Verlagsreglur þessar tóku gildi 4. mars 2010. Þar er að finna skilgreiningar á ýmsum viðmiðum og hugtökum, auk þeirra ákvæða sem þarf að uppfylla þegar ný námsleið er sett á stofn.

Kennsluskráin er samkvæmt verlagsreglum unnin í samvinnu ritstjóra, ritnefndar og tengiliða deilda. Hvert fræðasvið á fulltrúa í ritnefnd kennsluskrár en kennslusvið ræður ritstjóra. Í ritnefnd sitja auk þess tveir aðrir fulltrúar kennslusviðs og tveir fulltrúar hugbúnaðarpróunar Reiknistofnunar HÍ. Hver deild – og hver námsbraut, þegar því er að skipta – skipar starfsmann (tengilið), einn eða fleiri, sem sinnir kennsluskrárvinnu fyrir hönd deilda/námsbrautar. Kennrar koma einnig að gerð kennsluskrár, á þann hátt að þeir eru ábyrgir

fyrir tilteknum upplýsingum um námskeið, svo sem lýsingu á inntaki þeirra, markmiðum og hæfniviðmiðum. Um 50 manns koma með beinum hætti að gerð kennsluskrár ár hvert, fyrir utan fjölda kennara. Ritnefnd fundar reglulega á undirbúnings- og vinnslutíma kennsluskrár. Undirbúningur kennsluskrár næsta háskólaárs hefst að öllu jöfnu ekki síðar en í september ár hvert og vinna við afritun og uppsetningu efnis í beinu framhaldi að því. Ritnefnd fastsetur verkáætlun kennsluskrár hverju sinni, að fenginni tillögu ritsjóra. Nefndin fjallar um hvers konar hugmyndir að endurbótum á viðmóti og virkni kennsluskrár og ákværðar breytingar sem lúta að þróun kennsluskrár og tilheyrandi undirkerfa Uglu.

Ritsjóri efnir til samráðs- og vinnufunda með tengiliðum deilda, eftir því sem þurfa þykir, og gefur út og uppfærir leiðbeiningar um afmarkaða þætti í vinnsluferlinu. Leiðbeiningar eru sendar tengiliðum deilda og námsbrauta í tölvupósti, en einnig aðgengilegar á sérstökum hópvef í Uglu.

Kennsluskráin er alfarið unnin og birt í Uglu, hugbúnaðarkerfi Reiknistofnunar HÍ. Í raun er kennsluskráin eins og hún birtist notandanum samsett úr upplýsingum sem heldið er utan um í mismunandi undirkerfum Uglu:

- a) **Veftré** kennsluskrár er samnefnarinn, en það er sett upp í sjálfstæðu vefumsjónarkerfi Uglu, sérstakt veftré fyrir hvert háskólaár, sökum þess að útgáfur kennsluskrár eru vistaðar frá ári til árs. Veftréð myndar umgjörð kennsluskrárinna og er nokkurs konar grind síðna og tengla sem allar upplýsingar eru flokkaðar inn í. Skipulagið er þannig að efsta aðalsíðan er **NÁMSLEIDIR OG NÁMSFRAMBOD**, en frá henni er m.a. fljóttlegt að kalla fram yfirlit um námsleiðir í grunnnaði og framhaldsnáði, flokkuð eftir fræðasviðum. Þar fyrir neðan koma síðan yfir- og undirsíður/greinar sem vísa á ýmsar almennar upplýsingar sem tengast námi við HÍ, svo sem um umsóknir, skráningu, greiðslu gjalda, námsmat og próf, brautskráningu, þjónustu við nemendur, réttindi og skyldur o. fl. Neðan við almennu upplýsingarnar koma svo yfirsíður fræðasviðanna, sem síðan greinast í undirkafla einstakra deilda og námsgreina eða námsbrauta. Kaflar deildanna skiptast oftast í upplýsingar um grunnnað annars vegar og framhaldsnáð hins vegar. Sérstakur undirkafli hjá hverri deild (eða fræðasviði), **Upplýsingar**, geymir síðan sértækar upplýsingar sem lúta að náminu, sbr. þetta dæmi: <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=24742>

Neðst í veftrénu eru svo tenglar á kennsluskrár síðstu ára og eldri kennsluskrár, en hægt er að fletta upp í veflægni kennsluskrá nokkur ár aftur í tímann.

Umsjón með almennum hluta vefrésins er í höndum ritsjóra kennsluskrár en starfsmenn fræðasviða og deilda bera ábyrgð á þeim undirköflum sem tilheyra deildum. Þeirri vinnureglu er fylgt að endurtaka ekki upplýsingar í kennsluskrá sem þegar eru á til ytri vef háskóla, heldur vísa í þær með tengli. Þess vegna er t.d. ekki sérstakur kafli um stundaskrá í kennsluskrá, heldur vísað beint á viðeigandi síðu á ytri vef, þar sem upplýsingar um stundatöflur eru uppfærðar reglulega. Lykilupplýsingar um helstu atriði sem beinlínis varða nám og kennslu, sbr. **2. kafla verklagsreglna um kennsluskrá**, eru hins vegar ávallt vistaðar undir [kennsluskra.hi.is](http://kennsluskra.hi.is), til að tryggja að þær varðveisitist í upphaflegri mynd í viðkomandi útgáfu kennsluskrár.

- b) **Yfirlit námsleiða** (námsleiðir og námsframboð) eru tvö, grunnnað annars vegar og framhaldsnáð hins vegar. Þau eru flokkuð eftir fræðasviðum (flípar) og deildum, en notandi getur einnig látið þau birtast óflokkuð, þannig að listi námsleiða birtist í einfaldri stafrófsröð. Námsleiðirnar raðast sjálfkrafa inn á yfirlitun þegar þær eru stofnaðar í námsleiðakerfi Uglu (eða afritaðar milli ára), að því gefnu að hver og ein sé stillt þannig að hún birtist á viðkomandi yfirliti.
- c) **Námsleiðaryfirlit** í kennsluskrá sýnir samsetningu og skipulag tiltekinnar námsleiðar. Yfirlitið byggir á skráningu námsleiðarinnar í **námsleiðakerfi** Uglu og birtir helstu upplýsingar um viðkomandi námsleið, ásamt töflum sem sýna skiptingu námskeiða á ár og misseri. Í námsleiðakerfinu eru annars vegar skráðar allar upplýsingar um námsleiðina sjálfa. Stór hluti þeirra upplýsinga kemur fram í skírtceiniviðauka nemenda við brautskráningu. Hins vegar er námsleiðakerfið notað til að skrá þau námskeið eða **skref** sem tilheyra hverri námsleið (eða kjörsviði/áherslulínu) og eru í boði á viðkomandi kennsluári.
- d) Upplýsingar í kennsluskrá um einstök **námskeið** eru að mestu skráðar í námskeiðakerfi Uglu, sem hefur yfirkriftina **Námskeiðaskráningar**. Þær eru færðar inn grunnupplýsingar eins og heiti námskeiðs á íslensku og ensku, einingafjöldi, lágmarkseinkunn, tegund námskeiðs, tegund lokaprófs, kennslumisseri o.s.frv., auk ítarlegri upplýsinga á bord við námskeiðslysingu og hæfniviðmið á íslensku og ensku. Upplýsingar um námskeið tengast ávallt kennsluári og því eru í námskeiðakerfinu varðveittar upplýsingar um margar útgáfur (árgerðir) hvers námskeiðs.
- e) Upplýsingar um nöfn og hlutverk kennara námskeiðs koma fram þegar námskeiðið er skoðað í kennsluskrá. Á sama hátt er hægt að birta lista yfir alla kennara námsleiðar (þ.e. kennara þeirra námskeiða sem mynda skref á námskeiðinni) þegar yfirlit námsleiðar er skoðað. Kennrar eru skráðir á námskeið með aðgerðinni **Skráning kennara** í Uglu. Hlutverkin geta verið mismunandi (aðstoðarkennari, kennari, umsjónarkennari, umsjónarmaður (tekur ekki þátt í kennslukönnun)).

Einnig er hægt að skrá kennara á námskeið eða sem umsjónarmann lokaverkefnis í gegnum sérstakt undirkerfi Uglu sem nefnist **Kolur** og reiknar m.a. út unnar stundir í kennslu.

- f) Kennrar námskeiðs geta skráð tilteknar upplýsingar um það í gegnum **kennsluvef** námskeiðsins í Uglu, þ.a.m. hæfniviðmið, kennslubækur og fyrirkomulag námsmats/lokaprófs. Upplýsingarnar birtast í viðkomandi útgáfu kennsluskrár jafnóðum og þær eru uppfærðar.

Þær upplýsingar sem birtast í kennsluskrá eiga því rætur víða. Undirkerfin sem um ræðir eru í raun í stöðugri þróun og um leið vinnuumhverfi kennsluskrárrita fræðasviða og deilda, sem sjá um að fára inn efni og upplýsingar til birtingar í kennsluskrá. Í tengslum við samstarf opinberu háksólanna hefur verið unnið að ýmsum endurbótum og viðbótum á þeim kerfum sem mynda upplýsingakerfið Uglu. Hluti þessara endurbóta mun koma til góða við vinnslu kennsluskrár HÍ og auka skilvirkni og sveigjanleika við framsetningu hennar á vefnum.

## 4.2 Námsleiðir og prófgráður

### 4.2.1 Fræðasvið, deildir og þverfræðilegt nám

Meginskipulagseiningar Háskóla Íslands eru fræðasvið hans en þau eru: Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Hvert fræðasvið skiptist í deildir sem eru grunneiningar háskólans, sbr. 11. gr. reglna nr. 569/2009, [http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_fyrir\\_haskola\\_islands#11](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_fyrir_haskola_islands#11). Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á háskólakennslu og námi og veitingu prófgráðu við námslok. Neðangreindar tölur um fjölda námsleiða byggja á upplýsingum í kennsluskrá 2011-2012, <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=-2011>, sbr. grein 4.2.3.

Á **Félagsvísindasviði** eru sex deildir. Þar voru í boði 79 námsleiðir háskólaárið 2011-2012, þar af 16 í bakkalárnámi (auk 13 aukagreina), 49 á meistarastigi og 14 í doktorsnámi.

**Heilbrigðisvísindasvið** skiptist einnig í sex deildir. Þar voru alls 44 námsleiðir í boði 2011-2012, þar af 12 í bakkalárnámi (auk einnar aukagreinar), 20 á meistarastigi og 12 í doktorsnámi.

Fjórar deildir tilheyra **Hugvísindasviði**. 98 námsleiðir voru þar í boði 2011-2012, þar af 44 í bakkalárnámi (auk 32 aukagreina), 40 á meistarastigi og 14 í doktorsnámi.

Á **Menntavísindasviði** eru þrjár deildir. Þar voru í boði 46 námsleiðir háskólaárið 2011-2012, þar af 12 í bakkalárnámi (+ 4 aukagreinar), 32 á meistarastigi og 2 í doktorsnámi.

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið** skiptist í sex deildir. Samtals bauðst þar 61 námsleið 2011-2012, þar af 18 í bakkalárnámi (auk 3 aukagreina), 24 á meistarastigi og 19 í doktorsnámi.

Í **þverfræðilegu framhaldsnámi** buðust alls 9 námsleiðir 2011-2012, 7 á meistarastigi og 2 í doktorsnámi.

### 4.2.2 Námsgreinar (kennslugreinar), námsleiðir og aukagreinar

Í kennsluskrá 2011-2012 voru birtar upplýsingar um alls 337 námsleiðir, þar af 102 í bakkalárnámi, 172 í framhaldsnámi á meistarastigi og 63 í doktorsnámi. Undanskildar eru 53 aukagreinar í grunnnámi, en þess má geta að 5 kennslugreinar eru eingöngu boðnar sem aukagreinar. Meðtaldar eru hins vegar 7 diplómaleiðir í grunnnámi (60 – 90 ein.) og 36 diplómaleiðir í framhaldsnámi (30 – 60 ein.).

Rétt er að taka fram að **námsgreinar** (kennslugreinar) sem kenndar eru við Háskóla Íslands eru umtalsvert færri en námsleiðir til prófgráðu eða lokaprófs. Greinin *Almennt bókmenntafræði* er t.d. kennd til BA-prófs, bæði til 180 eininga og til 120 eininga sem aðalgrein, til meistaraprófs og til doktorsprófs, auk þess sem hún býðst sem aukagrein. Í kennsluskrá reiknast þetta sem fimm mismunandi námsleiðir. Ef grannt er skoðað voru alls riflega 100 námsgreinar í boði við HÍ háskólaárið 2011-2012.

### 4.2.3 Yfirlit um námsleiðir, prófgráður og lærðómstítla

Sundurliðað yfirlit um allar námsleiðir og prófgráður sem birtar eru í kennsluskrá 2011-2012 er að finna á eftirfarandi slóð (PDF-skjal, 14. bls.):

[http://www.hi.is/sites/default/files/skjal/stjornsysla/kennslusvid/hi\\_yfirlit\\_namsleidir\\_2011-2012.pdf](http://www.hi.is/sites/default/files/skjal/stjornsysla/kennslusvid/hi_yfirlit_namsleidir_2011-2012.pdf)

Í kennsluskránni sjálfrí er einnig hægðarleikur að birta heildaryfirlit um námsleiðir og tilheyrandi kjörsvið eða áherslulínur, í grunnnámi annars vegar og framhaldsnámi hins vegar.

Kennsluskrá, heildaryfirlit, grunnnám og framhaldsnám, í stafrófsröð eftir heiti námsleiða:

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2011&flaturlisti=1&namsstig=GF>

Kennsluskrá, yfirlit um námsleiðir og aukagreinar í grunnnámi, skipt eftir fræðasviðum og deildum:

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2011&flaturlisti=0&namsstig=G>

Kennsluskrá, yfirlit um námsleiðir í framhaldsnámi, skipt eftir fræðasviðum og deildum: <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&kennsluar=2011&flaturlisti=0&namsstig=F>  
Lærðómstítlar sem Háskóli Íslands veitir eru tilgreindir í 55. gr. reglna nr. 569/2009, sjá [http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_fyrir\\_haskola\\_islands#55](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_fyrir_haskola_islands#55).

## 4.3 Stofnun nýrra námsleiða og aðrar verklagsreglur settar af háskólaráði

Verklagsreglur settar af háskólaráði um málefni kennslu, starfsmannamál o.fl. er að finna á vefsíðinni <http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur>.

Verklagsreglurnar eru mikilvægur þáttur í gæðakerfi háskólans og byggja yfirleitt á ákvæðum tiltekinna greina í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. **Verklagsreglur um kennsluskrá** (frá 2009) eru þannig settar í samræmi við **23. gr.** reglna nr. 569/2009, í því augnamiði að tryggja vönduð, samræmd og skilvirk vinnubrögð við gerð kennsluskrár Háskóla Íslands. **Verklagsreglur um kennslukönnun** (frá 2010) vísa til **24. gr.** reglnanna og kveða á um regulegt mat á kennslu við skólann og gerð, framkvæmd og úrvinnslu kennslukönnunar.

**Verklagsreglur um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða** (frá 2010) vísa til **53. gr.** og er ætlað að tryggja að rétt sé staðið að undirbúningi og skipulagningu nýrra námsleiða til prófgráðu eða diplómu. **Verklagsreglur um innheimtu skrásetningargjalds** (síðast breytt í mars 2012) byggja m.a. á **48.** og **49. gr.** og er tilangur þeirra að innheimta skrásetningargjalds við Háskóla Íslands lúti skýrum og gagnsæjum fyrirmælum.

Unnið er að endurskoðun verklagsreglna um einkunnaskil (frá 2007) og fleiri verklagsreglna.

## 4.4 Inntökuskilyrði og aðgangsviðmið

### 4.4.1 Reglur um inntöku nemenda

Um inntöku stúdenta er ítarlega fjallað í **47. grein reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009**. Meginreglan sem þar er lögð til grundvallar er þessi: „Stúdentar sem hefja grunnnám í Háskóla Íslands skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla.“ Í greininni eru skýr ákvæði um heimildir til að veita undanþágur frá þessari meginkröfu, auk þess sem tekið er fram að háskólaráð setji nánari reglur um inntöku stúdenta í einstakar námsleiðir í grunn- og framhaldsnámi.

### 4.4.2 Reglur um inntökuskilyrði í grunnnám

Í **reglum um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands, nr. 319/2009**, eru tilgreind til hlítar þau skilyrði sem gilda um aðgang að bakkalárnámi í einstökum deildum og námsleiðum. Hvert fræðasvið skólans hefur sinn kafla í reglunum, þar sem nákvæmlega eru tíundaðar þær lágmarkskröfur sem hver deild innan svíðsins gerir varðandi inntöku nýnema, og hvaða undirbúningur telst nauðsynlegur og/eða æskilegur. Í reglunum er einnig kveðið á um að upplýsingum um inntökuskilyrði deildar skuli komið á framfæri í kennsluskrá, á vefsetri háskólans og í kynningarafni til nýrra stúdenta.

Reglur um inntökuskilyrði í grunnnám eru endurskoðaðar árlega og hefur þeim verið breytt fjórum sinnum frá því þær voru settar.

### 4.4.3 Reglur um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar

**Reglur um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands, nr. 153/2010**, kveða á um takmörkun á inntöku nemenda í námsgreinar í deildum Félagsvíndasviðs, Heilbrigðisvíndasviðs, Menntavíndasviðs og í þverfræðilegu framhaldsnámi. Í reglunum eru annars vegar ákvæði um hámarksfjölda nýrra nemenda í viðkomandi námsgreinum og hins vegar upplýsingar um framkvæmd fjöldatakmörkunar í hverju tilviki og þau viðmið eða þær sérreglur sem gilda um val nemenda.

Að fengnum rökstuddum tillögum fræðasviða og deilda ákvæðar háskólaráð ár hvert fjöldatakmarkanir fyrir komandi háskólaár í þeim námsgreinum þar sem nauðsynlegt er að beita þeim. Upplýsingar um fjöldatakmarkanir eru birtar í kennsluskrá, auk þess sem ákvæðum ofangreindra reglna er breytt ef með þarf.

Sérstakar reglur gilda um tilhögum á vali nýrra nemenda í námsgreinum þar sem inntökupróf eru viðhöfð eða samkeppnispróf haldir í lok fyrsta kennslumisseris, sbr. kafla 4.4.4.

### 4.4.4 Reglur fræðasviða og deilda um fjöldatakmörkun og val nemenda

Hér er rétt að vísa til kafla um einstök fræðasvið og þverfræðilegt nám í **reglum um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands, nr. 153/2010**, sbr. kafla 4.4.3. Þar er, þegar við á, vísað til sérreglna sem gilda um inntöku nýnema, tilhögum fjöldatakmörkunar og val nemenda. Má þar sem dæmi nefna **reglur um inntöku nýnema í læknisfræði og sjúkrapjálfun, nr. 1042/2003**, síðast breytt 30. nóvember 2006. Í þeim er kveðið á um að inntökupróf skuli haldið í júní ár hvert og að tiltekinn fjöldi þeirra nemenda sem

bestum árangri ná í prófinu fái rétt til náms í læknisfræði eða sjúkraþjálfun. Hér ræður því ekki ákveðin lágmarkseinkunn úrslitum, heldur það að ná sem hæstri einkunn í inntökuprófinu.

Annað dæmi eru [reglur um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði, nr. 502/2002](#), síðast breytt 21. desember 2011. Þar byggir réttur stúdenta til að halda áfram námi á vormisseri 1. árs á árangri í þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri. Samkeppnispróf (*clausus*) eru haldin í lok haustmisseris 1. námsárs og tilskilin lágmarkseinkunn er 5,0. Tiltækinn fjöldi (nú 85) þeirra stúdenta sem ná lágmarkseinkunn og eru með hæsta heildarcinkunn fær rétt til að halda áfram námi á vormisseri 1. námsárs.

Samkeppnispróf með fjöldatakmörkunum eru einnig haldin við lok haustmisseris 1. námsárs í fleiri greinum heilbrigðisvíði, þ.e. í lífeindafræði, næringarfræði, tannlæknisfræði og tannsmíði. Sérstakar reglur gilda um val nemenda í hverju tilviki.

Í júní 2012 fer í fyrsta sinn fram inntökupróf fyrir nemendur sem óska eftir að hefja grunnnám í hagfræði, í samræmi við [reglur um inntöku nýnema í hagfræðideild Háskóla Íslands, nr. 188/2012](#). Ekki er þó um fjöldatakmörkun að ræða, heldur öðlast þeir nemendur sem ná lágmarkseinkuninni 5,0 á inntökuprófi rétt til að hefja nám í hagfræði við hagfræðideild Háskóla Íslands. Inntökuprófinu er því í raun ætlað að tryggja að þeir nemendur sem innritast í bakkalárnám í hagfræði hafi þann undirbúning og þá lágmarksþekkingu sem deildin gerir kröfum um. Verði reynslan af inntökuprófum í hagfræðideild jákvæð, er mögulegt að sambærileg aðgangspróf verði tekin upp í fleiri námsgreinum við skólann.

Í reglum fræðasviða og deilda geta einnig verið ákvæði um fjöldatakmarkanir og val nemenda vegna náms til meistaraprófs eða náms á meistarastigi. Bent skal á ádur nefndar [reglur um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands, nr. 153/2010](#), en einnig eru slík ákvæði felld inn í sérreglur fræðasviða um meistaranám, svo sem [reglur um meistaranám við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, nr. 643/2011](#).

#### 4.4.5 Aðgangsviðmið

Kennslumálaneftnd háskólaráðs hefur unnið með deildum og svíðum að því að skerpa aðgangsviðmið sem nemar í framhaldsskólum geta horft til þegar þeir undirbúa sig undir nám í einstökum deildum skólans. Þessi vinna hefur fram að þessu einkum skilað sér í nákvæmari aðgangsviðmiðum í öllum deildum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði þar sem farin er sú leið að lýsa afar nákvæmlega kröfum sem deildir svíðsins gera um kunnáttu í stærðfræði og eðlisfræði. Þessi viðmið eru aðgengileg á opna neti HÍ (sjá [Hvað þarfum að kunna?](#) <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=25929&kennsluar=2012>. Afstaða Verkfræði og náttúruvísindasviðs hefur verið sú að ekki sé nægilegt að vísa til almennra þrepa í þessu samhengi heldur þurfi að skilgreina hæfnikröfur mun nákvæmara. Helgist það meðal annars af því hve mismunandi kennsla sé í framhaldsskólum landsins (og ólík hvað er tekið fyrir í námskeiðum skólanna). Þá hafa tungumálagreinar skólans gert hið sama og stuðst við Evrópskan viðmiðunarramma í því sambandi, þar sem kunnáttu er flokkuð eftir bókstöfum (stig a, b, c). Deild erlendra tungumála vinnur nú að gerð stöðuprófa sem notuð verða samhliða þessum viðmiðum en slík stöðupróf hafa þegar verið notuð í frónsku. Í öðrum deildum skólans er vinna í skilgreiningu aðgangsviðmiða styttra á veg komin en umræða hefur farið fram í mörgum deildum skólans, og á öllum svíðum.

### 4.5 Hæfniviðmið

#### 4.5.1 Hæfniviðmið námsleiða

Hæfniviðmið (e. *learning outcomes*) voru fyrst skilgreind fyrir námsleiðir háskólans í framhaldi af því að [lög um háskóla nr. 63/2006](#) tóku gildi. Sérstakt átekur í þessa veru átti sér stað í tengslum við umsóknir skólans til menntamálaráðuneytisins um viðurkenningu til að bjóða nám til bakkalár-, meistara- og doktorsprófs á tilteknum fræðasviðum, á árunum 2007-2009.

Viðmið ráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður voru fyrst auglýst [8. febrúar 2007](#), en þar eru yfirflokkar hæfniviðmiða sex talsins: *Þekking og skilningur, tegund pekkingar, hagnýt pekking, fræðileg hafni, hæfni í samskiptum, upphýsingalæsi og miðlun* og loks *námshæfni*. Hæfniviðmið námsleiða við HÍ (upphaflega kölluð „menntunarmarkmið“) voru við innleiðingu almennt skilgreind út frá þessum meginflokkum og raunar hefur frá upphafi verið leitast við að fylgja þeirri fyrirmynnd sem fólst í viðmiðunum. Frá árinu 2008 hafa hæfniviðmið námsleiða komið fram á skírteinsviðaukum (*Diploma Supplement*) brautskráðra nemenda, en það ár breyttist einnig skráning og utanumhald námsleiða í Uglu og kennsluskrá, á þann hátt að árlega verður til ný útgáfa eða „árgerð“ hverrar námsleiðar.

Endurskoðuð *Viðmið um æðri menntun og prófgráður* voru gefin út í maí 2011, með [auglýsingu nr. 530/2011](#). Þar er meginflokkum hæfniviðmiða faekkað niður í þrjá, *pekkingu, leikni og hafni*, og öll framsætning hæfniviðmiða um leið einfölduð til munna. Samhliða útgáfum viðmiðanna gaf ráðuneytið út töflu, á *íslensku* og *ensku*, sem sýnir námsstigin/-þrepum fimm og dæmi um stigmögnun viðmiðanna innan flokkanna þriggja, þ.e.a.s. hvernig viðmið um þekkingu, leikni og hafni stigmagnast með hækkandi námsstigi, t.d. frá bakkalárprófi til meistaraprófs.

Kynning á endurskoðuðum viðmiðum hófst innan háskólans veturinn 2011-2012 og tekið er mið af þeim við endurskoðun áður settra hæfniviðmiða og við setningu hæfniviðmiða fyrir nýjar námsleiðir og ný námskeið.

Kennslumiðstöð HÍ hefur um nokkurra ára skeið reglulega haldið námskeið og vinnustofur fyrir kennara og aðra starfsmenn um gerð hæfniviðmiða og hlutverk þeirra í kennslu. Einnig hafa fulltrúar miðstöðvarinnar haldið fræðslu- og vinnufundi um hæfniviðmið með kennurum einstakra fræðasviða, deilda, námsbrauta eða námsgreina, þegar eftir því hefur verið óskað. Á [vef Kennslumiðstöðvar](#) er að finna [fræðsluefni](#) og [leiðbeiningar um hæfniviðmið](#), bæði á íslensku og ensku.

Regluleg endurskoðun hæfniviðmiða námsleiða og námskeiða á sér stað í tengslum við uppfærslu og útgáfu kennsluskrár ár hvert. Sérstakar leiðbeiningar þar sem vikið er að þessu eru sendar öllum skráðum kennurum hvert haust, auk þess sem starfsmenn fræðasviða og deilda sinna hvatningu og eftirliti. Í námsleiðakerfi Uglu, sem aðgengilegt er kennsluskráfulltrúum deilda og námsbrauta, er innbyggð sérstök aðgerð til að birta hæfniviðmið námsleiðar og tilheyrandi námskeiða eða skrefa, bæði á íslensku og ensku. Yfirlitið sýnir svart á hvítu hver heildarviðmið námsleiðarinnar eru, hvaða hæfniviðmið hafa verið skilgreind fyrir undírliggjandi námskeið og hvort hæfniviðmið vantart, á öðru hvoru tungumálinu eða báðum, fyrir einstök námskeið. Yfirlitið sýnir einnig hvort framsetningu hæfniviðmiða er ábótavant eða hvort ósamræmi er í framsetningu. Hægt er að prenta út yfirlit hæfniviðmiða og afhenda kennurum, umsjónarmönnum námsleiða eða námsnefndum, til yfirferðar og endurskoðunar.

Lokaviðmið námsleiða og hæfniviðmið námskeiða hafa frá upphafi verið færð inn í einföld textasvæði í tilheyrandi undirkersum Uglu, án stýringar á framsetningu. Kerfið býður ekki upp á það að sýnd séu með beinum hætti tengsl þáttu í hæfniviðmiðum námskeiða við samsvarandi þætti í lokaviðmiðum námsleiða. Svonefndar „hrísltöflur“, sem draga fram þessu tengsl, eru hins vegar í vaxandi mæli notaðar við gerð og endurskoðun hæfniviðmiða og við samhæfingu á lokaviðmiðum (yfirliðmiðum námsleiða) og hæfniviðmiðum námskeiða.

Eitt af yfirlýstum verkefnum kennslumálanefndar háskólaráðs, samkvæmt [erindisbréfi](#), er að tryggja að fræðasvið og deildir háskólans skilgreini og uppfæri reglulega hæfniviðmið fyrir allar námsleiðir og námskeið, í samræmi við [Viðmið um aðri menntun og prófgráður á Íslandi](#).

## 4.5.2 Hæfniviðmið námskeiða

Vísað er til kafla 4.5.1 um hæfniviðmið námsleiða.

Byrjað var fyrir alvöru að skilgreina hæfniviðmið einstakra námskeiða á árinu 2009, þegar unnið var að undirbúningi kennsluskrár 2009-2010. Textasvæðum fyrir hæfniviðmið námskeiða á íslensku og ensku var bætt við námskeiðakerfi Uglu í lok ársins 2008. Þar með var umsjónarmönnum námskeiða og kennsluskrárriturum deilda gert kleift að færa inn texta hæfniviðmiða.

Þessi vinna fór hægt af stað en smám saman hefur þeim námskeiðum fjölgað þar sem hæfniviðmið eru skilgreind á skilmerekilegan hátt. Námskeið og vinnustofur Kennslumiðstöðvar fyrir kennara hafa hér haft mikla þýðingu, auk þess sem starfsmenn fræðasviða og deilda hafa veitt kennurum aðhald og hvatningu í tengslum við árlega endurskoðun og útgáfu kennsluskrár. Í allmögum tilvikum hafa kennarar einstakra deilda, námsbrauta eða námsgreina tekið sig saman og kerfisbundid unnið að því að skilgreina hæfniviðmið námskeiða, út frá fyríliggjandi aðalviðmiðum námsleiða. Loks má nefna að námskeiðayfirlit, sem hverjum innskráðum kennara birtist í Uglu, veitir hér ákveðið aðhald, því þar er það táknað með rauðri hönd ( ef hæfniviðmið vantart á tiltekið námskeið sem viðkomandi er skráður fyrir).

Búið er að skilgreina hæfniviðmið fyrir um 75% af þeim námskeiðum sem birt eru í kennsluskrá 2012-2013. Í einstaka deildum er hlutfallið mun herra, eða allt að 100%, en í öðrum fer það niður í riflega helming birtra námskeiða. Enn er því talsvert verk að vinna.

## 4.6 Þjálfun og endurmenntun kennara (Kennslumiðstöð o.fl.)

### 4.6.1 Hlutverk Kennslumiðstöðvar

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var formlega stofnuð þann 31. ágúst 2001 og heyrir undir Kennslusvið. Meginmarkmið og hlutverk Kennslumiðstöðvar er að stuðla að þróun kennsluháttu við Háskóla Íslands með því að veita kennurum, deildum, fræðasviðum og stjórnendum skólans faglega aðstoð við þróun kennsluháttu. Að þessu markmiði er unnið á ýmsan máta s.s. með ráðgjöf og námskeiðum.

Kennslumiðstöð er staðsett á annari hæð Íþróttihúss Háskóla Íslands og þar starfa nú 7 starfsmenn í riflega sex stöðugildum. Kennslumiðstöð er opin alla virka daga frá kl. 8:30 – 16 og þangað geta starfsmenn leitað eftir fjölbreytilegri aðstoð vegna kennslu. Þar er að finna aðstöðu fyrir upptökur (hljóðklefa), fundaherbergi með fullkomunum fjarfundabúnaði svo og dágott safn fræðibóka og handbóka um háskólakennslu.

Helstu verkefni Kennslumiðstöðvar eru ráðgjöf til kennara og stjórnenda Háskóla Íslands vegna kennsluháttu og tæknistuddrar kennslu; námskeið og fræðsla um margvisleg viðfangsefni tengd kennslu; þróun

upplýsingtækni í kennslu; innleiðing nýrra miðla og aðstoð vegna tæknistuddrar kennslu og fjarnáms; utanumhald við sérstakan kennsluvef þar sem er að finna gagnlegar upplýsingar og góð ráð; kennslutengd þjónusta við kennara og stjórnendur s.s. mat á námskeiðum og ráðgjöf vegna þróunarverkefna á sviði kennslu og samstarf við Menntavísindasvið um skipulag og umsjón námsleiðar í háskólakennslufræðum fyrir háskólakennara. Þá hefur Kennslumiðstöð umsjón með kennslukönnun svo og skönnun og úrvinnslu fjölvalsprófa. Að lokum er það mikilvægt verkefni miðstöðvarinnar að fylgjast með nýjungum og þróun á sviði háskólakennslu og afla og miðla upplýsingum til starfsmanna og stjórnenda skólans.

Kennslumiðstöð vinnur í samstarfi við Kennslumálanefnd háskólaráðs en að auki eiga starfsmenn Kennslumiðstöðvar setu í fagnefndum og starfshópum og eiga í samstarfi við ótal aðila utan háskólangs s.s. aðra opinbera háskóla og símenntunarmiðstöðvar.

#### 4.6.2 Námskeið um kennsluhætti

Kennslumiðstöð skipuleggur og heldur styrtti og lengri námskeið sem styðja við þróun kennsluháttar fyrir nýja jafnt sem eldri kennara, stjórendur svo og fyrir nemendur sem sinna aðstoðarkennslu. Skipulag og framboð námskeiða og fræðslufunda tekur mið af gildandi stefnu háskólangs, þörfum kennara, deilda og fræðasviða við að efla gæðakennslu svo og sérstökum verkefnum sem háskólinn og kennarar hans og stjórnendur standa frammi fyrir á sviði kennslumála hverju sinni. Þá eru námskeið og kynningar gjarnan skipulagðar í samstarfi við einstakar deildir og/eða fræðasvið og falla þannig beint að þeirra skilgreindu þörfum. Yfirlit yfir námskeið og fræðslu er að finna á heimasíðu Kennslumiðstöðar ([kennslumidstod.hi.is](http://kennslumidstod.hi.is)).

Námskeið í fjölbreyttum kennsluháttum, námskeið fyrir nýja háskólakennara, námskeið í námsmati af ýmsu tagi, námskeið í tæknistuddri kennslu, námskeið um hæfniviðmið og námskeið um nýjungar í kennslu svo fátt eitt sé nefnt.

Frá hausti 2013 verður nýjum kennurum Háskóla Íslands skylt að ljúka námskeiði í háskólakennslufræðum.

#### 4.6.3 Námsleið í háskólakennslufræði

Í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur Kennslumiðstöð umsjón með námsleið í háskólakennslufræðum fyrir háskólakennara. Námsleiðin er 30 ECTS diplómanám sem samanstendur af þremur 10 ECTS námskeiðum: KEN212F Kennslufræði fyrir háskólakennara, KEN103F Skipulag námskeiða, námsmat og mat á eigin kennslu og KEN004F Kennsluþróun og starfendarannsóknir. Námsleiðin er opin háskólakennurum sem sinna háskólakennslu og er námið skipulagt sem nám með starfi. Verkefni öll og viðfangsefni eiga að nýtast kennurum beint í kennslu. Upplýsingar um námsleiðina er bæði að finna í Kennsluskrá Háskóla Íslands svo og á vef Kennslumiðstöðvar. Kennrarar skrá sig hjá Kennslumiðstöð.

#### 4.6.4 Handbækur og leiðbeiningar

Með útgáfu handbókar fyrir kennara við Háskóla Íslands er reynt að koma til móts við vaxandi áhuga og þörf háskólakennara fyrir stuðning og fræðslu um kennslufræði. Kennslumiðstöð hefur gefið út tvær handbækur um kennslu. Handbók fyrir kennara við Háskóla Íslands (2010) er að hluta til byggð á sambærilegri bók sem gefin er út af Stanford háskóla en Kennslumiðstöð hefur leitast við að staðfæra hana og laga að aðstæðum við Háskóla Íslands. Bókina er að finna á vef Kennslumiðstöðvar: [https://kennslumidstod.hi.is/vefur/skjol/handbok\\_kennara.pdf](https://kennslumidstod.hi.is/vefur/skjol/handbok_kennara.pdf)

Handbók aðstoðarkennara (2011- 2012) er ætluð aðstoðarkennurum úr hópi háskólastudenta. Þar er að finna góð ráð varðandi kennslu og samskipti við kennara og nemendur. Bókina er að finna á vef Kennslumiðstöðvar:

<https://kennslumidstod.hi.is/wp-content/uploads/2010/04/Handb%C3%B3k-a%C3%B3sto%C3%BArkennara-20112.pdf>

Hjá Kennslumiðstöð er að finna nokkurt safn fræðirita og handbóka um kennsluhætti á háskólastigi. Kennrarar og starfsmenn hafa aðgang að þessum bókakosti á opnunartíma miðstöðvarinnar en geta jafnframt fengið þær lánaðar. Á vefsíðu Kennslumiðstöðvar er að finna yfirlit yfir þær bækur sem til eru, forsíðumynd af hveri bók og efnisyfirlit hennar sjá: <https://kennslumidstod.hi.is/um-kennsluhaetti/handbaekur-um-kennslu/>.

Á vef Kennslumiðstöðvar er jafnframta að finna greinagott yfirlit yfir tímarit sem fjalla um kennslufræði háskólastigsins almennt og svo yfir tímarit um háskólakennslu í ákveðnum greinum sjá: <https://kennslumidstod.hi.is/um-kennsluhaetti/timarit-um-kennslu/>

Auk ofangreindra handbóka og tímarita er að finna á vef Kennslumiðstöðvar ýmsar leiðbeiningar og upplýsingar um ólík svíð kennslu. Þar má t.d. nefna leiðbeiningaefni um gerð hæfniviðmiða og dreifildi tengd einstökum námskeiðum miðstöðvarinnar. Á upplýsingasíðum um tæknistudda kennslu er að finna leiðbeiningar um notkun ýmissa forrita og umsjónslu námsumhverfa (Moodle, Ugl).

## 4.6.5 Ráðgjöf

Við Kennslumiðstöð starfa sérfræðingar á svíði kennslufræða og upplýsingtækni í kennslu sem leita má til vegna ólíkra kennslufræðilegra viðfangefna. Á opnumartíma miðstöðvarinnar geta kennarar og starfsmenn haft samband símleiðis (525 4447) en fyrirspurnir má einnig senda á netfang miðstöðvarinnar kemst@hi.is og er þeim þá vísað til þeirra starfsmanna sem best þekkja til viðfangsefnisins.

## 4.7 Þjónusta við nemendur

### 4.7.1 Þjónustuborðið Háskólatorgi

Hlutverk Þjónustuborðsins Háskólatorgi er að veita nemendum, starfsmönnum og öðrum viðskiptavinum góða og skilvíska þjónustu og að aðilar séu sáttir við þá þjónustu sem þeir fái.

Þegar nemendur þurfa þjónustu af einhverju tagi er Þjónustuborðið Háskólatorgi einn fyrsti staðurinn sem þeir leita til. Á Þjónustuborðinu fá nemendur vottorð um skólavist, yfirlit yfir námsferla sína og staðfest afrit prófskírteina. Nemendur fá þar stúdentakort og kaupa prentkvóta til notkunar í tölvuverum. Á Þjónustuborðinu fá þeir úthlutuðum aðgangi að Uglu, innra neti Háskólangs, og þar fá þeir lykilordum breytt tali þeir eða gleymi aðganginum að Uglu. Læknisvottorðum vegna veikinda í lokaprófum er skilað til Þjónustuborðsins og strætókort eru sótt þangað. Þá skrá nemendur sig á námskeið Náms- og starfsráðgjafar á Þjónustuborðinu.

Tekinn hefur verið saman listi yfir algengar spurningar nemenda og svör við þeim sem hægt er að nálgast hér: [http://www.hi.is/is/skolinn/spurt\\_og\\_svarad](http://www.hi.is/is/skolinn/spurt_og_svarad)

Á Þjónustuborðinu fá nemendur, starfsmenn og aðrir viðskiptavinir almennar upplýsingar og afgreiðslu fyrir Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Matsskrifstofu, Alþjóðaskrifstofu, Félagsstofnun stúdenta og Stúdentaráð. Geti starfsmenn Þjónustuborðsins ekki aðstoðað er erindinu vísað áfram til afgreiðslu.

Starfsfólk Þjónustuborðsins er bundið þagnarskyldu og veitir ekki upplýsingar um nemendur til þriðja aðila nema með samþykki viðkomandi. Meðferð persónuupplýsinga er í samræmi við lög um persónuvernd, nr. 140/2000, og reglur háskólangs.

Þjónustuborðið er opið mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30 til 18 og á föstudögum 8:30 til 16. Frá júní og fram í miðjan ágúst er afgreiðslutíminn frá 8:30 til 16:30 mánudaga til fimmtudaga og föstudaga frá 8:30 til 16. Síminn er 525 5800, fax 525 5802 og einnig er hægt að hafa samband í gegnum tölvupóst á netfangið [haskolatorg@hi.is](mailto:haskolatorg@hi.is).

### 4.7.2 Stúdentaþjónusta - Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands

Hlutverk starfsfólks Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands (NSHÍ) er að veita nemendum háskólangs margskonar stuðning og þjónustu meðan á námi stendur. Náms- og starfsráðgjöf sinnir erindum sem varða til að mynda:

- Námsval og upplýsingar um nám við háskóllann
- Stuðning í námi, námstækni, vinnubrögð og próftöku
- Starfsferilskrá, störf að loknu námi og starfsþróun
- Sérúrræði vegna námsörðugleika, fötlunar eða veikinda

Nánari upplýsingar er að finna á vef NSHÍ: <http://www.nshi.hi.is/>

Starfsfólk NSHÍ er bundið þagnarskyldu og veitir ekki upplýsingar til þriðja aðila um þá sem þangað leita nema með samþykki viðkomandi. Meðferð persónuupplýsinga er í samræmi við lög um persónuvernd og reglur háskólangs.

NSHÍ er staðsett á Háskólatorgi á 3. hæð, s: 525-4315.

#### 4.7.2.1 Ráðgjöf og aðstoð við námsval

Ráðgjafar NSHÍ aðstoða fólk við val á námi og veita upplýsingar um námsleiðir sem eru í boði við skóllann. Ráðgjöf um námsval fer ýmist fram í einstaklingsviðtolum þar sem leitast er við að greina áhugasvið, færni og gildismat hvers og eins, eða í hópum með áhugakönnun Strong, sjá: <http://www.nshi.hi.is/sii>

Þá veita ráðgjafar NSHÍ nemendum skólangs margvíslegan stuðning meðan á námi stendur í einstaklingsviðtolum og með hópráðgjöf.

#### **4.7.2.2 Námstækni og vinnubrögð**

Háskolanám gerir aðrar kröfur um vinnubrögð en nemendur hafa átt að venjast á fyrri skólastigum og þurfa margir að endurskoða vinnubrögð sín og námstækni í upphafi háskolanáms. NSHÍ býður upp á fjölda námstækninámskeiða, vinnustofa og örfyrirlestra á hverju misseri, sjá: <http://www.nshi.hi.is/namskeid>

Auk þess er gagnlegt efni og upplýsingar að finna á vef NSHÍ: <http://www.nshi.hi.is/namsvenjur>

#### **4.7.2.3 Starfsráðgjöf – frá námi til starfs**

Ráðgjafar NSHÍ veita ráðgjöf um gerð ferilskrár og umsóknarbréfa og leiðbeina nemendum hvað varðar undirbúning fyrir atvinnuviðtöl bæði í einstaklingsviðtölum og hópráðgjöf, sjá: [http://www.nshi.hi.is/starfsradgjof\\_fra\\_nami\\_i\\_starf](http://www.nshi.hi.is/starfsradgjof_fra_nami_i_starf)

#### **4.7.2.4 Sálfræðileg ráðgjöf og stuðningur í námi**

Hjá NSHÍ er boðið upp á skammtíma meðferð ef nemendur eiga við sálræna erfiðleika að striða meðan á námi stendur. Starfsfólk NSHÍ getur einnig veitt þeim nemendum aðstoð sem eiga við langvarandi tilfinningalegan vanda að etja, sjá: [http://www.nshi.hi.is/salfraedileg\\_radgjof](http://www.nshi.hi.is/salfraedileg_radgjof)

#### **4.7.2.5 Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands**

Nemendur við Háskóla Íslands, sem eru fatlaðir eða með sértæka námserfiðleika, sem á einhvern hátt geta verið hindrun í háskolanámi, eiga rétt á að njóta sértækra úrræða lögum samkvæmt og eftir því sem mælt er fyrir um í reglum þessum.

Tilgangur reglnanna er að tryggja fötludum nemendum og nemendum með sértæka námserfiðleika jafnrétti á við aðra og gera þeim kleift að stunda nám án mismununar, þannig að þeir hafi sambærileg tækifæri og aðrir til þess að nýta hæfileika sína til náms. Aðstoðin felur á engan hátt í sér að dregið sé úr eðlilegum námskröfum eða þeim hagað með öðrum hætti gagnvart þessum hópi nemenda en almennt gildir. Sjá reglurnar í heild sinni á: [http://www.hi.is/skolinn/reglur\\_nr\\_481\\_2010](http://www.hi.is/skolinn/reglur_nr_481_2010)

Óski stúdent eftir úrræðum vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika (s.s. dyslexia) skal hann snúa sér til NSHÍ. Stúdent þarf að leggja til greiningu eða vottorð frá sérfræðingi þar sem fram kemur hvað hamli honum í námi og gera skriflegt samkomulag um úrræði. Nemandi ber ábyrgð á að gera slíkt samkomulag innan tilskildra tímamarka. Náms- og starfsráðgjöf ber ábyrgð á að fylgja samkomulaginu eftir í samvinnu við starfsmenn skólans. Brýnt er að stúdentar sem óska eftir úrræðum leiti til Náms- og starfsráðgjafar um leið og ákvörðun um skólavist er tekin. Sjá nánari upplýsingar um stefnu, verklagsreglur og sérúrræði á: [http://www.nshi.hi.is/serurraedi\\_i\\_nami](http://www.nshi.hi.is/serurraedi_i_nami)

Hér fyrir neðan er að finna tengla á upplýsingar um tegundir sérúrræða:

Dyslexia/lesblinda: [http://www.nshi.hi.is/lesblinda\\_dyslexia](http://www.nshi.hi.is/lesblinda_dyslexia)

Blinda og sjónskerðing: [http://www.nshi.hi.is/blinda\\_og\\_sjonskerding\\_1](http://www.nshi.hi.is/blinda_og_sjonskerding_1)

Heyrnarleysi og heyrnarsskerðing: <http://www.nshi.hi.is/heyrnarsskerding>

Hreyfihömlun: <http://www.nshi.hi.is/hreyfihomlun>

Langvarandi veikindi: [http://www.nshi.hi.is/langvarandi\\_veikindi](http://www.nshi.hi.is/langvarandi_veikindi)

Sálræn vandkvæði: [http://www.nshi.hi.is/salraen\\_vandkvaedi](http://www.nshi.hi.is/salraen_vandkvaedi)

Taugasálfræðileg vandamál: [http://www.nshi.hi.is/taugasalfraedileg\\_vandamal](http://www.nshi.hi.is/taugasalfraedileg_vandamal)

Loks má nefna að einn af viðmeiri verkþáttum NSHÍ er að taka við nemum af fyrsta og öðru ári í meistaránámi í náms- og starfsráðgjöf í starfsþjálfun og handleiðslu. Árlega eiga allt að 15 nemendur þess kost að fá starfsþjálfun í NSHÍ.

#### **4.7.3 Alþjóðaskrifstofa**

Alþjóðaskrifstofa HÍ þjónar stúdentum og starfsfólkum um málefni alþjóðlegs samstarfs, ss. stúdenta- og kennaraskipti og umsjón með almennum samstarfssamningum við erlenda háskóla. Jafnframt annast hún ýmis verkefni fyrir stjórnvöld. Unnið er að endurskipulagningu skrifstofunnar. Dæmi um umfangsmikil verkefni Alþjóðaskrifstofunnar eru: .

- **Landskrifstofa menntaáætlunar ESB** – Erasmus, Comenius, Grundtvig, evrópska tungumálamerkið, hluti áætlunarinnar, hlutverk forstöðumanns skrifstofunnar í höndum tveggja aðila á Alþjóðaskrifstofu og Rannsóknabjónustu HÍ.
- **Bologna promoters** verkefni.

- **Erasmus Mundus** upplýsingaþjónusta á Íslandi.
- **e-twinning landskrifstofa** – evrópsk áætlun um rafrænt skólasamstarf.
- **Tungumálamiðstöðin í Graz** – upplýsingar um námskeið fyrir tungumálakennara – aðstoð við val á þátttakendum í samstarfi við fulltrúa í mennta- og menningarmálaráðuneyti og Tungumálamiðstöð HÍ.
- **Upplýsingastofa um nám erlendis** – miðun upplýsinga um nám erlendis og þjónusta opin öllum almenningu. Lögð áhersla á virka heimasíðu og upplýsingagjöf fyrir nemendur sem eru að leita að námi erlendis. Álag er árstíðabundið og mest á vorin í kringum umsóknarfresti á Norðurlöndum. Leiðbeiningar hafa verið samdar og eru á netinu fyrir þá sem eru að sækja um til Norðurlandanna. Fyrirspurnir berast töluvert í tölvupósti, síma eða fólk kemur á skrifstofuna.
- **Introduction to Iceland** – skipulögð dagskrá um 3-5 viðburði á önn fyrir erlenda stúdenta og starfsmenn háskóla sem eru nýkomrir til landsins.
- **Skipulagning þátttöku háskóla á Íslandi á alþjóðlegri ráðstefnu NAFSA** samtakanna í USA ásamt hinum Norðurlöndunum. Norðurlöndin hafa frá 1993 verið með sameiginlegan kynningarbarð á þessum stærsta viðburði sinnar tegundar. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins hefur greitt allan kostnað við sýningarhaldið og boríð ábyrgð á skipulagningu fyrir Íslands hönd. Af þessu tilefni var gefinn út bæklingurinn **studyiniceland.is** sem hefur verið endurútgefinn nokkrum sinnum og hefur Alþjóðaskrifstofan boríð þann kostnað. Vefsíða með sama nafni er starfrækt í samvinnu háskólanna, þ.e. efni sem þangað fer inn er með samþykki allra skólanna einnig framsetning efnisins. Þarna eru tenglar inn á heimasíður allra háskóla á Íslandi. Vinna og kostnaður við þessa heimasíðu hefur verið greidd af Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.
- Alþjóðaskrifstofan hefur nokkrum sinnum séð um þátttöku Íslenskra háskóla á **ráðstefnu EAIE í Evrópu** og hefur öll vinnan við undirbúnингinn og ábyrgð á mönnum sýningarsvæðis verið á ábyrgð Alþjóðaskrifstofu, en kostnaði var skipt á milli háskólanna.
- **Ágústnámskeið – Íslensku, tungumála og menningarnámskeið** fyrir erlenda skiptistúdenta sem koma til Íslands eru haldin árlega í ágústmánuði. Alþjóðaskrifstofan hefur annast skipulagningu námskeiðsins um árabil og gerði fyrir nokkrum árum samning við Háskólastetur Vestfjarða um að halda námskeiðið. Alþjóðaskrifstofan hefur síðan í nafni háskólanna sótt um Nordplus styrk og fengið styrk frá menntáætlun ESB – Erasmus hlutanum til að standa straum af kostnaði við námskeiðið. Stúdentarnir greiða fæði og húsnaði en ekki námskeiðsgjald. Alþjóðaskrifstofan tekur við umsóknum og velur inn á námskeiðið en kennslan er á ábyrgð Háskólasturs Vestfjarða og fer að mestu leyti fram að Núpi í Dýrafirði. Námskeiðið er opíð stúdentum allra háskólanna.
- **Nordplus landskrifstofa** – Alþjóðaskrifstofan hefur gegnt hlutverki upplýsingaskrifstofu um Nordplus fyrir háskólastigið á Íslandi frá því að Nordplus áætluninn var stofnsett um 1989. Alþjóðaskrifstofan hefur frá 2004 gegnt hlutverki Landskrifstofu sameinuðu Nordplus áætlunarinnar sem nær yfir öll skólastig. Eftir lokað útboð á Norðurlöndunum fékk Alþjóðaskrifstofan það hlutverk að vera aðalstjórnandi Nordplus sprog tungumálaætlunarinnar á Norðurlöndunum og vera meðstjórnandi í öðrum hlutum áætlunarinnar hér á landi. Sérstakur samningur er milli Alþjóðaskrifstofunnar og norrænu ráðherranefndarinnar um þetta starf og er starfsemin kostuð alfarið af nefndinni.
- **Lektorpuljan** – móttaka umsókna og úthlutunar styrkja í lektorþulu norrænu ráðherranefndarinnar – lektorþula styrkir verkefni sem styður kennslu í norrænum málum víða um heim. Um þetta gildir sérstakur samningur við norrænu ráðherranefndina.
- **Artic studies.** Á borðinu er samningur við utanríkisráðuneytið um umsjón með móttöku umsókna og greiðslu styrkja í norsk-íslenskan sjóð, sem styrkir stúdenta- og kennaraskipti og rannsóknarsamstarf í norðurslóðafræðum (Artic studies). Þegar hefur verið tekið á móti umsóknum í þennan sjóð einu sinni, en samningur við ráðuneytið er ekki frágenginn. Gert er ráð fyrir að allur kostnaður við umsýslu við verkefnið verði greiddur.

#### 4.7.4 Nemendaskrá

Nemendaskrá Háskóla Íslands heldur skrá yfir nemendur háskólans frá umsókn til brautskráningar í nemendakerfi skólans inn í Uglu sem er innri vefur HÍ. Nemendaskrá ber að tryggja öryggi, nákvæmni og áreiðanleika skráningar á námi nemenda.

#### Rafræn umsókn og innritun í Háskóla Íslands

Nemendaskrá tekur á móti rafrænum umsóknum í skólann í grunn- og framhaldsnám frá bæði innlendum sem erlendum stúdentum. Inntaka grunnnámsnemenda er í höndum Nemendaskrár en deildir skólans bera ábyrgð á

inntöku í framhaldsnám. Matsskrifstofa metur umsóknir um undanþágu frá stúdentsprófi og erlendra stúdenta, annarra en skiptinema, í samvinnu við deildir skólans.

### **Innheimta skrásetningargjalds og prófgjalds**

Nemendaskrá innheimtir öll skrásetningar- og prófgjöld skólans. Innheimtan fer fram með kreditkortum, kröfum í netbanka ásamt rafrænu skjali og með millifærslum.

### **Varðveisla gagna um nám**

Nemendaskrá skráir daglega og varðveitir bæði öll umsóknargögn sem og öll gögn um námsferla nemenda, námsframvindu þeirra, námskeið, próf og einkunnir frá byrjun til loka náms.

### **Rafræn skráning í námskeið og próf**

Eftir að nemendur hafa verið innritat að ákveðna námsleið geta þeir endurskoðað námskeiðaskráningar sínar og skráð sig í sjúkra- og endurtökupróf á ákveðnum tímabilum. Á þessu eru þó takmarkanir t.d. ef nemandi er með tvífall á námsferli sínum eða stundar nám á tveimur námsleiðum. Í þeim tilvikum þarf hann að snúa sér til Nemendaskrár. Upplýsingar um þessi skráningartímabil er að finna í kennslualmanaki HÍ. Nemendur geta fylgst með breytingum á skráningum og námsferli sínum, á sínu svæði í Uglu.

### **Rafræn árleg skráning í nám**

Árlega í mars eiga nemendur að skrá sig til áframhaldandi náms næsta skólaár, þegar það á við. Skráningin fer fram í Uglu á auglýstum skráningartíma. Þeir sem ekki sinna árlegri skráningu á auglýstum tíma þurfa að snúa sér til Nemendaskrár. Brautskráðir grunnnámsnemendur sem hyggja á framhaldsnám þurfa þó að sækja um með rafrænni umsókn.

### **Brautskráning**

Nemendaskrá annast undirbúning brautskráningar kandídata í samvinnu við deildir og rektorsskrifstofu. Deildir fara yfir námsferil hvers nemanda og gæta vandlega að því að öll þau námskeið sem eiga að teljast til prófgráðu nemandans séu til staðar á námsferlinum. Nemendaskrá gengur endanlega frá brautskráningu. Á þetta jafnt við um aðal- og aukagrein. Prentun á öllum skírteinisviðaukum (Diploma Supplement) fer fram hjá Nemendaskrá. Fyrirhugað er að Nemendaskrá prenti einnig öll prófskírteini og umslög sem afhent eru við brautskráningu.

### **Hafa samband**

Nemendur geta haft samband við Nemendaskrá með því að koma til Nemendaskrár, hringja eða senda tölvupóst.

Dæmi um erindi frá nemendum til Nemendaskrár:

- Beiðnir um að skipta um námsleið.
- Beiðnir um skráningar í námskeið þegar nemendur geta ekki sinnt því sjálfir t.d. ef um tvífall er að ræða eða nemandi er orðinn of seinn að skrá sig samkvæmt auglýstum skráningartímabilum í kennslualmanaki.
- Beiðni um árlega skráningu.
- Beiðni um að snúa aftur til náms.
- Nemendaskrá fær auk þess margvíslegar fyrirspurnir t.d. um greiðslu skrásetningar- og prófgjalds, prófafyrirkomlag, umsóknarfresti, skráningar í námskeið, forkröfur í námskeið, skiladaga t.d læknisvottorða og margt, margt fleira er varðar námið í Háskóla Íslands.

Nemendaskrá er í **Háskólatorgi**, 3. hæð, s. 525 4309, fax 525 4317, netfang [nemskra@hi.is](mailto:nemskra@hi.is). Afgreiðslutími er kl. 09:00-12:00 og 12:30-15:00 alla virka daga.

## **4.7.5 Uglu - innra vefkerfi Háskóla Íslands**

Uglu er innri náms- og upplýsingavefur sem kennslusvið og Reiknistofnun Háskóli Íslands hafa þróað og starfrekt frá árinu 2001 í þeim tilgangi að auðvelda upplýsingaflæði og samskipti í námi og kennslu og skipulagi þess með ýmsum hætti. Nemendur sækja um skólavist í Uglu og fái þeir inngöngu flytjast þeir í nemendakerfi Uglu. Kennsluskrá skólans er eitt kerfa Uglu; um leið og námskeið er stofnað eignast það sína eigin heimasíðu með aðgangi allra kennara og nemenda viðkomandi námskeiðs. Á heimasíðu námskeiðsins er námsgögnum komið fyrir, tilkynningar sendar til allra í námskeiðinu, umræðupræðir stofnaðir, nemendum skipt í hópa og margt fleira stendur til boða. Nemendur skrá sig í og úr námskeiðum í Uglu, kaupa prentkvóta, hafa yfirlit um námsferil sinn, geta skoðað próftöflu sína og hvar þeir eiga að mæta til prófs og við hvaða borð þeir eiga að sitja. Kennrar skrá einkunnir nemenda í Uglu og þær birtast nemendum samstundis þegar þeim er endanlega skilað. Kennslukönnun er lögð fyrir í Uglu, kennsluferilsskrár kennara eru þar o.fl. o.fl. Uglan er í sifelldri þróun og aðlögun að breytingum. Háskóli Íslands hefur á undanförnum misserum jafnframt í samvinnu við

aðra opinbera háskóla aðlagað Ugluna að þessum skólum (HA, Hólum, LBHÍ) og er verið að taka hana í notkun í þeim í þessum mánuði (júní 2012).

Hér er aðeins það helsta verið nefnt sem snýr að nemendum og kennurum. Margt annað er að finna í Uglu.

#### 4.7.6 Bókasöfn og rafræn gagnasöfn

Háskóli Íslands er með sérstakan þjónustusamning við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (Þjóðarbókhlöðuna), en Landsbókasafn Íslands og háskólabókasafn Háskóla Íslands voru sameinuð 1. desember 1994. Nemendur við HÍ njóta því forgangs hjá safninu á ýmsan hátt og eiga t.d. rétt á bókasafnsskríteini endurgjaldslauð, auk þess að fá helmingasafslátt af ýmiss konar gjaldskyldri þjónustu, svo sem millisafnalánum, leigu á aðstöðu o.s.frv. Nemendur geta fengið bækur að láni en hafa auk þess aðgang að margs konar handbókum, námsbókasafni, íslenskum ritum, handritum og bréfum sem hægt að panta til lesturs á lessal. Á vef safnsins er hægt að fletta upp í og leita í miklum fjölda af rafrænum gagnasöfnum, sjá síðuna <http://landsbokasafn.is/index.php/gagnasofn>.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn rekur tvö útibú, í háskólabygginguunum Öskju og Lögbergi. Þar er lestraraðstaða og sérhæfður bókakostur til notkunar á staðnum.

Í bókasafni Menntavísindasviðs (við Stakkahlíð og að Laugarvatni) er góð lestraraðstaða og safnkostur á svíði uppeldis- og menntavísinda. Safnkosturinn er að mestu skráður í Gegni, landskerfi bókasafna. Náið samstarf er við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH er fagbókasafn á heilbrigðissviði sem þjónar fyrst og fremst heilbrigðisstarfsfólkí innan Landspítala og kennurum og stúdentum í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands, auk annarra sem gert hafa þjónustusamning við safnið.

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum - hvar.is veitir öllum sem tengjast Netinu um íslenskar netveitur aðgang að heildartexta greina 17.600 tímarita og útdráttum greina 9.300 tímarita. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur umsjón með Landsaðgangi - hvar.is, samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.


Leitir.is er sérstök leitargátt sem gerir notendum kleift að leita í mörgum rafrænum gagnasöfnum samtímis, þ.a.m. eru gagnasöfnin bækur.is, elib, gegnr, hvar.is og timarit.is

### 5. Meistara- og doktorsnám

Meistara- og doktorsnám hefur byggst upp og vaxið hröðum skrefum við Háskóla Íslands á undanförnum áratug. Háskólinn hefur allt frá árinu 2006 sett sér skýr markmið um uppbyggingu og eflinu framhaldsnámsins sem hafa gengið eftir (sjá nánar kafla 3.2 hér að framan).

#### 5.1 Fjöldi skráðra og brautskráðra meistara- og doktorsnema við Háskóla Íslands

Fjöldi nemenda í framhaldsnámi við Háskóla Íslands 2001-2011




Mynd: Fjöldi nemenda í meistara- og doktorsnámi við Háskóla Íslands 2001-2012, greint eftir kynjum


	2001-2002	2002-2003	2003-2004	2004-2005	2005-2006	2006-2007
Framhaldsnám Samtals	693	964	1175	1.448	1.800	2.056

	2007-2008	2008-2009	2009-2010	2010-2011	2011-2012
Framhaldsnám Samtals	2.394	3.717	3.937	3.848	3.839

Tafla: Heildarfjöldi nemenda í meistara- og doktorsnámi við Háskóla Íslands 2001-2012



Mynd: Fjöldi brautskráðra meistara frá Háskóla Íslands 2001-2011



Mynd: Fjöldi brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2001-2011

## 5.2 Sameiginlegar doktorsgráður

Á undanförnum árum hafa verið gerðir samningar milli Háskóla Íslands og eftirtalinna erlendra háskóla um nám til sameiginlegrar doktorsgráðu. Fram kemur hve margir hafa brautskráðst með gráðuna, hvenær og hvor vörn fór fram:

### Evrópa

**Københavns Universitet, Kaupmannahöfn – Lögfræði**

**Norwegian University of Science and Technology (NTNU), Prándheimi – Jarðvísindi**

**Université de Paris-Sorbonne, Frakklandi – Húmanískar greinar**

1 - 2009, París

**Université Pierre et Marie Curie, París, Frakklandi – Læknisfræði**

1 - 2011, Háskóli Íslands

**Université Paul Sabatier, Toulouse III, Frakklandi – Jarðvísindi**

1 – 2009, Háskóli Íslands

1 – 2012, Háskóli Íslands

**Université Blaise Pascal, Clermont-Ferrand, Frakklandi – Jarðvísindi**

1 – 2009, Clermont-Ferrand

**Institut National Polytechnique de Grenoble, Frakklandi – Rafmagns- og tölvuverkfræði**

1 – 2010, Háskóli Íslands

1 – 2011, INPG (Lissabon)

**La Sapienza -University of Rome, Ítalíu – Tölfræði**

1 – 2009, Háskóli Íslands

**University of Trento, Ítalíu – Rafmagns- og tölvuverkfræði**

1 – 2011, Trento

**University of Genoa, Ítalíu – Rafmagns- og tölvuverkfræði**

1 – 2011, Háskóli Íslands

**Université Libre de Bruxelles, Belgíu – Umhverfis- og auðlindafræði**

**University of Freiburg, Þýskalandi – Sálfræði**

1 – 2009, Univ. Freiburg

**Humboldt-Universität, Berlín, Þýskalandi – Stjórnmálafræði**

**University of St. Andrews, Skotlandi – Efnafræði**

**Warsaw University, Póllandi – Íslenskar bókmenntir**

1 – 2009, Varsjá

**University of Vienna, Austurríki – Lífvísindi**

**St. Petersburg State University, St. Petersburg, Rússlandi – Verkfræði og náttúruvísindi**

### Norður-Ameríka

**University of Washington, Seattle, USA – Líf- og umhverfisvísindi**

1 – 2011, Seattle

**Oregon State University, Corvallis, USA – Líffræði**

1 – 2011, Oregon

**University of Colorado-Boulder, USA – Jarðvísindi**

**Ohio State University, USA – Jarðvísindi (í undirbúnungi)**

## **Asía og Ástralía**

**Fudan University, Kína** – Upplýsinga- og samskiptatækni

**Jilin University, Kína** – Rafmagns- og tölvuverkfræði

**Macquarie University, Sydney, Ástralíu** – Landfræði

1 – 2010, Sydney

## **5.3 Sameiginlegar meistaragráður milli Háskóla Íslands og norrænna háskóla (Nordic Master)**

### **Nordic Master's Programme in Gerontology (NordMaG)**

Háskólinn í Jyväskylä, Finnlandi / Háskólinn í Lund, Svíþjóð

### **Nordic Master in Innovative and Sustainable Energy Engineering Programme (ISEE)**

Chalmers Tekniska Högskola, Svíþjóð / Tækniháskólinn í Helsinki / NTNU - Norwegian

University of Science and Technology / Kungliga Tekniska Högskolan, Svíþjóð / Danmarks Tekniske Universitet

### **Nordic Master's Programme in Marine Ecosystems and Climate (MARECLIM)**

Háskólinn í Árósum, Danmörku / Fróðskaparsetur Föroya / Háskólinn í Bergen

### **Nordic Master's Programme in Viking and Medieval Norse Studies**

Stofnun Árna Magnússonar/ Háskólinn í Ósló / Háskólinn í Árósum / Den Arnamagnæanske Samling, Kaupmannahöfn

### **Nordic Master in computational chemistry and physics**

Háskólinn í Tromsø (umsjón), Noregi / Háskólinn í Gautaborg / Háskólinn í Helsinki / Háskóli Íslands / Kungliga Tekniska Högskolan, Svíþjóð

### **Aquatic Food Production-Safety and Quality (AQFood)**

Danmarks Tekniske Universitet (umsjón) / UMB – Universitetet for Miljø- og biovitenskap, Noregi/ NTNU - Norwegian University of Science and Technology / Sveriges lantbruksuniversitet/ Háskóli Íslands

## **5.4 Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands**

Í Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms, sem fyrst voru samþykkt árið 2004 og samþykkt í nýrri útgáfu á árinu 2012, kemur fram að markmið doktorsnáms sé að veita stúdentum þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að þeir geti stundað sjálfstætt vísindalegar rannsóknir, aflað nýrrar þekkingar og gegnt hagnýtum störfum á innlendum og erlendum vettvangi þar sem krafist er hæfni til að beita vísindalegum aðferðum. Kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands eru sambærilegar við það sem gerist í þeim erlendu háskólum sem hann ber sig saman við.

Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands er að finna á eftirfarandi vefsíðu:

[http://www.hi.is/adalvefur/vidmid\\_og\\_krofur\\_um\\_gaeedi\\_doktorsnams\\_vid\\_haskola\\_islands](http://www.hi.is/adalvefur/vidmid_og_krofur_um_gaeedi_doktorsnams_vid_haskola_islands)

## **5.5 Reglur fræðasviða Háskóla Íslands um doktorsnám**

Félagsvíðasvið:

[http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_500\\_2011](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_500_2011)

Heilbrigðisvíðasvið:

[http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_1252\\_2011](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_1252_2011)

Hugvísíndasvið:

[http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_154\\_2011](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_154_2011)

Menntavísíndasvið:

[http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_641\\_2011](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_641_2011)

Verkfræði- og náttúruvísíndasvið:

[http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_642\\_2011](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_642_2011)

Þverfræðilegt meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum:

[http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_213\\_2011](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_213_2011)

Þverfræðilegt meistara- og doktorsnám í umhverfis- og auðlindafræði:

[http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_214\\_2011](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_214_2011)

## 5.6 Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands tók til starfa 2009. Hlutverk hennar er að tryggja og efla gæði doktorsnáms við háskólann og fylgja eftir settum viðmiðum og kröfum, sbr. 66. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Fagleg ábyrgð á framhaldsnámi við skólann er á höndum deilda. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með háskóladeildum, gæðanefnd háskólaráðs og sameiginlegri stjórnsýslu. Miðstöðin aflar, greinir og miðlar gögnum um alla helstu þætti framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Hún heldur utan um samninga um sameiginlegar prófgráður (joint degrees) og hefur einnig umsjón með úthlutun aðstoðarkennarastyrkja til doktorsnema. Miðstöðin er vettvangur samráðs og samvinnu um doktorsnámið og tengiliður við samstarfsaðila innan lands og utan.

Miðstöð framhaldsnáms hefur aðsetur í Aðalbyggingu Háskóla Íslands, 1. hæð. Þjónusta sem doktorsnemum stendur til boða og ýmsar upplýsingar sem þá varða sérstaklega er að finna á heimasíðu miðstöðvarinnar, <http://vefsetur.hi.is/midstodframhaldsnams/>, enn fremur á [https://english.hi.is/university/post\\_graduate\\_studies](https://english.hi.is/university/post_graduate_studies)

## 5.7 Doktorsnámsstyrkir

Háskóli Íslands hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á að fylga styrkjum til nemenda í doktorsnámi, enda er öfugt styrkjakerfi mikilvæg forsenda þess að doktorsnemar geti helgað sig náminu og náð tilskildum árangri. Tveir sjóðir veita styrki til rannsóknna doktorsnema. Þetta eru Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands og doktorssjóður Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Sameiginlegt eyðublað er fyrir báða sjóðina og er umsóknarfrestur sá sami fyrir þá báða. Jafnframt býður Háskóli Íslands einnig upp á aðstoðarkennarastyrki sem Miðstöð framhaldsnáms hefur umsjón með. Þá eru í boði ferðastyrkir til handa þeim doktorsnemum sem kynna rannsóknir sínar á ráðstefnum í útlöndum.

Nánari upplýsingar um alla sjóði Háskólans, þá m. þá sjóði sem doktorsnemum standa til boða, er að finna á slóðinni [http://www.hi.is/is/skolinn/sjodir\\_og\\_styrkir](http://www.hi.is/is/skolinn/sjodir_og_styrkir)

## 5.8 Samstarf við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri

Samstarfssamningur um doktorsnám milli Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri var undirritaður í febrúar 2012 og skv. honum þjónar Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands Landbúnaðarháskóla Íslands með sama hætti og einstökum deildum og fræðasviðum Háskóla Íslands.

Markmið samningsins er að stuðla að auknu samstarfi um doktorsnám til þess að ná fram þeim stefnumiðum sem skólarnir hafa sett sér á sviði rannsókna og rannsóknanaáms. Áhersla er lögð á uppbyggingu doktorsnámsins við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Báðir háskólnir, einstök svið þeirra eða deildir, geta átt samvinnu um einstaka þætti doktorsnáms, leiðbeinendur hvor frá öðrum og aðstöðu og búnað til náms og rannsókna. Enn fremur geta þeir ákveðið að standa sameiginlega að doktorsnámi frá byrjun og veita sameiginlega prófgráðu (joint degree) við lok náms.

# 6. Rannsóknir, nýsköpun og tæknipróoun

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á eflingu rannsóknaumhverfis og árangur í rannsóknum á alþjóðlega vísu. Tilkynning Times Higher Education World University Rankings sl. haust um að Háskóli Íslands væri kominn í hóp 300 bestu háskóla heims var mikil viðurkenning. Í heiminum eru um 17 þúsund háskólar. Háskóli Íslands er í hópi þeirra tveggja prósenta sem hæst eru metnir á þeim lista. Þennan árangur má þakka metnaði og ósérhlífini starfsfólks og stúdenta og frjóu samstarfi við vísindastofnanir og fyrirtæki hér heima og um allan heim.

Rannsóknir við Háskóla Íslands eru skipulagðar í deildum og rannsóknstofnunum skólans. Akademískir starfsmenn njóta akademísks frelsis sem er eitt af grunngildum Háskóla Íslands. Akademískt frelsi felur m.a. í

sér að kennarar og vísindamenn háskólangs velja sér sjálfir rannsóknaverkefni á sínu rannsóknasviði. Akademískt frelsi er hornsteinn háskólarannsókna í lýðraðisríkjum enda stuðlar það að gagnrýnni og frjórri hugsun, áraðni og víðsýni.

## 6.1 Mat á rannsóknum og öðrum störfum

Öllu frelsi fylgir ábyrgð. Háskóli Íslands hvetur akademískra starfsmenn með markvissum hætti til virkni í rannsóknum með margvíslegum hætti en fylgist um leið náið með hvernig þeir rækja rannsóknaskyldu sína. Á hverju ári skila akademískir starfsmenn ítarlegri skýrslu um störf sín og í kjölfarið er framlag hvers og eins metið til stiga. Sjá nánar:

[http://www.hi.is/is/skolinn/matskerfi\\_opinberra\\_haskola](http://www.hi.is/is/skolinn/matskerfi_opinberra_haskola)

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla, eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félag háskólakennara og Félag háskólakennara á Akureyri).

Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal akademískra starfsmanna felur í sér ítarlega skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur hún einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrr en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

### Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggir í meginatriðum á birtningarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur hafi þegar verið metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

### Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslustig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilskrá hafi verið uppfærð samhliða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

### Stjórnun, þjónusta og annað

Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfis, og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fraðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fraðslu fyrir almenning sem háskólaþólk sinni í nafni sérþekkingar sinnar.

### Samstarfsverkefni

Akademískir starfsmenn við Háskóla Íslands gera í framangreindri skýrslu grein fyrir öllu samstarfi sem þeir eru í innanlands og erlendis, hvort sem er við aðra háskóla, rannsóknastofnanir, fyrtæki eða aðra aðila. Vísindasvið heldur utan um þessar upplýsingar í sérstökum gagnagrunni.

### Aukastörf og helgun í starfi

Háskóli Íslands hefur sett sér reglur um hagsmunárekstra, aukastörf og helgun í starfi (Sjá, [http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_1096\\_2008](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_1096_2008)). Háskólinn leggur ríka áherslu á að aukastörf starfsmanna komi ekki niður á störfum þeirra fyrir Háskóla Íslands. Akademískir starfsmenn gera grein fyrir aukastörfum sínum í fyrrgreindri skýrslu.

## 6.2 Hvatakerfi Háskóla Íslands

Það er háskólanum kappsmál að auka árangur sinn í rannsóknum enn frekar. Til að svo megi verða þarf hann að nýta fýrveitingar og sértekjur vegna rannsókna sem allra best. Í því skyni hefur skólinn þróað öflugt gæðaeftirlit og hvatakerfi í tengslum við rannsóknir.

Ríkar kröfur eru gerðar strax við ráðningu í akademískt störf við Háskóla Íslands. Á árinu 2010 voru kröfur við framgang á milli starfsheita hertar verulega. Breytingin fól m.a. í sér að gerðar eru ákveðnar lágmarkskröfur um svokölluð aflstig við framgang og nýráðningu. Aflstig eru rannsóknastig sem einungis fást fyrir birtingar á ritrýndum vettvangi sem gerir miklar kröfur um nýmæli, vísindaleg vinnubrögð o.fl. Með þessum reglum var enn fremur innleitt það fyrirkomulag að akademískir starfsmenn eru ráðnir tímabundið til fimm ára og þurfa að

þeim tíma liðnum að ná tilteknum árangri í rannsóknum sínum og öðrum störfum til að eiga möguleika á ótímbundinni ráðningu.

Sjá einkum III. kafla í þessum reglum: [http://www.hi.is/is/skolinn/reglur\\_fyrir\\_haskola\\_islands](http://www.hi.is/is/skolinn/reglur_fyrir_haskola_islands) og þessar, [http://www.hi.is/is/skolinn/reglur\\_nr\\_263\\_2010](http://www.hi.is/is/skolinn/reglur_nr_263_2010)

Hvatakerfið hefur virkað mjög vel og átt stóran þátt í þeim árangri sem skólinn hefur náð í rannsóknum. Hornsteinninn í hvatakerfinu er stigamatskerfi opinberra háskóla sem fjallað er um að framan.

Rannsóknastig og þar með talin aflstig hafa enn fremur bein áhrif á eftirtalið:

**1. Grunnlaunaröðun.** Akademískum starfsmönnum er raðað í launaflokk í samræmi við grunnmat við ráðningu. Grunnmat felur í sér mat á rannsóknum og öðrum störfum sem starfsmenn inntu af hendi áður en til ráðningar kom. Stig úr árlegu mati, sem bætast við 1. september ár hvert, hækka grunnlaun í samræmi við vikni í rannsóknum og ákvæði kjarasamninga.

**2. Árleg árangurstengd launaumbun.** Prófessorar fá árlega greitt úr Ritlauna- og rannsóknasjóði en aðrir akademískir starfsmenn fá samþærilegar greiðslur úr Vinnumattssjóði. Þessar greiðslur byggjast á fjölda rannsóknastiga umfram tiltekin þróskuld.

**3. Deililíkan vegna rannsókna.** Rannsóknafjárveitingu háskólangs er skipt á milli fræðasviða og deilda í samræmi við þau rannsóknastig sem hver eining aflar. Þar með er lítil virkni í rannsóknum ekki lengur einkamál viðkomandi starfsmanns, sem eingöngu hefði áhrif á hann sjálfan til launalækkunar, heldur rýrir lítil virkni eins tekjur viðkomandi deildar. Fjöldi brautskráðra meistara- og doktorsnema og öflun sértekna, þar sem styrkir frá erlendum samkeppnissjóðum vega þyngst, hafa einnig verulega áhrif á skiptingu fjár til rannsókna.

**4. Starfsskyldur og aukastörf.** Reglur um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands nr. 605/2006 fela í sér að ef meðafjöldi rannsóknastiga á þriggja eða fimm ára tímabili fer undir tiltekið mark hækkar kennsluskyldan sjálfkrafa. Enn fremur gera reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþáttu nr. 971/2009 ráð fyrir því að kennsluskylda lækki hjá þeim sem virkastir eru í rannsóknum. Reglur um aukastörf akademískra starfsmanna nr. 1096/2008 og verklagsreglur um greiðslur vegna aukastarfa innan háskólangs heimila ekki greiðslur til starfsmanna fyrir slík aukastörf ef rannsóknastig viðkomandi ná ekki tilteknu marki.

Sjá nánar:

Reglur um starfsskyldur 605/2006: [http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_605\\_2006](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_605_2006)

Reglur um tilfærslu 971/2009: [http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_971\\_2009](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_971_2009)

Reglur um aukastörf 1096/2008: [http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_1096\\_2008](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_1096_2008)

Verklagsreglur um greiðslur aukastarfa:

[http://www.hi.is/sites/default/files/skjal/stjornsysla/kennslusvid/log\\_og\\_reglur/verklagsreglur\\_greidslur\\_vegna\\_aukastarfa\\_030610.pdf](http://www.hi.is/sites/default/files/skjal/stjornsysla/kennslusvid/log_og_reglur/verklagsreglur_greidslur_vegna_aukastarfa_030610.pdf)

**5. Rannsóknamisseri.** Til að hljóta rannsóknamisseri þarf akademískur starfsmaður að uppfylla ákveðin skilyrði um fjölda rannsóknastiga og fjölda aflstiga. Einnig er skilyrði að rannsóknaskýrslum sé skilað árlega sbr. reglur um starfsskyldur 605/2009.

Eins og glögggt má sjá hefur hvatakerfi Háskóla Íslands mikil áhrif á afkomu og starfsaðstöðu akademískra starfsmanna. Standi starfsmenn sig illa er framlag þeirra rætt í reglulegum starfsmannasamtölum við næsta yfirmann og úrræða til úrbóta leitað.

### 6.3 Rannsóknatengdir samkeppnissjóðir

Innan háskólangs eru reknir nokkrir rannsóknatengdir samkeppnissjóðir sem veita styrki til rannsókna, doktorsnáms og tækjakupa. Stærsti sjóðurinn er *Rannsóknasjóður Háskóla Íslands* sem veitir verkefnastyrki til rannsókna, en hann veitir auk þess framfærslustyrki til doktorsnema sem eru með sama sniði og styrkir Háskólasjóðs *Eimskipafélagsins*. Mikil samkeppni er um styrki úr þessum sjóðum. Til dæmis veittu Rannsóknasjóður og Eimskipafélagsjóður 24 stryki árið 2012 en umsóknir voru um 150. *Aðstoðarkennarasjóður* veitir enn fremur styrki til launa doktorsnema sem jafnframt sinna kennslu. Viðkomandi deild greiðir þá kennsluhluta launanna en aðstoðarkennarasjóður styrkir rannsóknapháttinn, þ.e. vinnu við doktorsverkefnið. Alls fengu 18 doktorsnemar aðstoðarkennarasjóður fyrir haustmisseri 2012.

*Tækjakapnjóður* veitir styrki til tækjakupa í samræmi við forgangsröðun fræðasviða og *Mótframlagasjóður* veitir fé á móti styrkjum sem fast úr Tækjasjóði Vísinda- og tækniráðs.

Sjá nánar: <http://www.sjodir.hi.is/rannsoknasjodir>

## 6.4 Vísindasvið og vísindanefnd háskólaráðs

Hlutverk vísindasviðs er að sinna sameiginlegum málum er lúta að rannsóknum og framhaldsnámi. Helstu verkefni eru:

1. Umsjón með rannsóknatengdum samkeppnissjóðum ásamt þjónustu við vísindanefnd háskólaráðs. Hlutverk vísindanefndar er að stuðla að því að efla rannsóknastarfsemi við Háskóla Íslands og standa fyrir umræðu um eðli og virkni rannsókna á hinum ýmsu fræðasviðum. Nefndin úthlutar einnig styrkjum úr Rannsóknasjóði HÍ.
2. Mat á rannsóknum og ýmis verkefni sem tengjast hvatakerfi háskólans: Matið er unnið með föstum matsnefndum fyrir hvert fræðasvið og í samráði við vísindanefnd opinberra háskóla og matskerfisnefnd. Vísindanefnd opinberra háskóla og matskerfisnefnd annast þróun og matskerfisins.
3. Vinna með föstum dómnefndum, valnefndum og Framgangsnefnd háskólans í tengslum við nýráðningarár, framgang, ótímabundnar ráðningarár, ráðningarár í gestastörf og veitingu akademískra nafnbóta.

## 6.5 Nýsköpun í Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur sett sér þá stefnu að leggja aukna áherslu á nýsköpunarverkefni á öllum sviðum vísinda og fræða innan skólans. Hið eiginlega nýsköpunarstarf Háskóla Íslands á sér fyrst og fremst stað á vettvangi kennara og vísindamanna skólans í samvinnu við nemendur og kollega í fyrirtækjum, rannsóknastofnunum og öðrum háskólum. Háskólinn rekur öflugt stoðkerfi fyrir nýsköpunarstarfið.

### 6.5.1 Rannsóknaþjónusta Háskóla Íslands

Rannsóknaþjónustan hefur það verkefni að styðja við nýsköpun í Háskóla Íslands. Hlutverk hennar skiptist í þrjá meginþætti:

1. Að stuðla að sókn háskólaþolks í erlenda samkeppnissjóði með kynningarstarfsemi innan skólans og með aðstoð við gerð umsókna.
2. Að annast rekstur menntaáætlana með áherslu á starfsþjálfun, tengsl á milli skólastiga og tengsl skóla og atvinnulífs.
3. Að efla nýsköpun og auka hagnýtingu rannsóknaniðurstaða. Rannsóknaþjónustan miðlar upplýsingum til háskólaþolks um þá stöðþjónustu sem veitt er nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum á Íslandi varðandi einkaleyfi, tæknipróunarstyrki og áhættufé. Hún tekur við tilkynningum um uppfindingar og einkaleyfatækjar rannsóknaniðurstöður, hefur milligöngu um framsalssamninga vegna einkaleyfa og annarrar þekkingar. Þá veitir Rannsóknaþjónustan aðstoð við stofnun, frumfjármögnum og viðskiptaáætlanir sprotafyrirtækja ásamt því að finna þeim viðunandi húsnaði við upphaf starfseminnar.

### 6.5.2 Hugverkanefnd og lög um uppfindingar starfsmanna

Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala sér um að framfylgja því verklagi sem stofnarnirnar hafa sett sér varðandi hagnýtingu þekkingar. Allir starfsmenn HÍ og LSH geta snúið sér til nefndarinnar með álitamál sem varða hagnýtingu og ber að gera það, samkvæmt lögum um uppfindingar starfsmanna nr. 72/2004, ef líkur eru á að rannsóknaniðurstöður séu einkaleyfatækjar. Nefndinni er ætlað að hvetja starfsmenn og nemendur til að hagnýta rannsóknaniðurstöður, meðal annars með öflun einkaleyfa, stofnun fyrirtækja og gerð leyfissamninga. Nefndin metur uppfindingar og hugmyndir með aðstoð viðeigandi sérfræðinga, tekur afstöðu til aðkomu stofnanna að hagnýtingu og gerir samninga við starfsmenn eftir því sem við á. Rannsóknaþjónustan leggur nefndinni til starfsmenn.

### 6.5.3 Tæknipróun

Tæknipróun er fjárfestingarfyrirtæki í eigu Háskóla Íslands og nokkurra fjárfesta og fyrirtækja. Tæknipróun fjárfestir eingöngu í hugmyndum og sprotafyrirtækjum sem eiga uppruna sinn í háskólasamfélögum og eingöngu fremst í ferlinu á meðan fyrirtækið er enn á móturnarstigi. Rannsóknaþjónustan sér um rekstur Tæknipróunar hf. Tæknipróun hefur ekki haft bolmagn til fjárfestinga undanfarin ár.

### 6.5.4 Tæknigarður

Tæknigarður ehf. er í eigu Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og fleiri aðila og þar hefur verið nýsköpunarsetur Háskólaþolans frá 1988. Á þeim tíma hafa nærri 100 sprota- og nýsköpunarfyrirtæki verið um lengri eða skemmri tíma í húsinu. Rannsóknaþjónustan sér um rekstur Tæknigarðs.

### 6.5.5 Hagnýtingarsamkeppni Háskóla Íslands

Í samkeppni þessari eru veitt svokölluð Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands. Hagnýtingarsamkeppnin hefur árlega laðað fram fjölmargar hugmyndir sem bera vott um grósku og nýsköpun innan háskólasamfélagsins. Fjöldi sprotafyrirtækja hefur verið stofnaður á þeim 12 árum síðan samkeppnin hóf göngu sína.

## 6.5.6 Innovit ehf.

Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur var stofnað af stúdentum við Háskóla Íslands árið 2007. Þangað geta stúdentar og aðrir með vénlegar viðskiptahugmyndir leitað sér aðstoðar, t.d. í tengslum við stofnun og rekstur sprotafyrirtækja.


Innovit er einkahlutafélag í eigu atvinnulífs og háskóla. Stærstu hluthafar Innovit eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (28%), Samtök iðnaðarins (13%), Háskóli Íslands (15%) og Háskólinn í Reykjavík (15%). Auk þessara aðila eiga nokkrir starfsmenn úr hópi stofnenda fyrirtækisins smærri hluti. Fyrirtækið er til húsa á miðju háskólasvæðinu í Tæknigarði Háskóla Íslands.

Meginmarkmið Innovit er að auka þátt stúdenta í frumkvöðlastarfí og nýsköpun á Íslandi og stuðla þannig að fjölgun fyrirtækja og starfa sem rekja má til rannsókna og háskólastarfsemi. Innovit gengst fyrir margvíslegri starfsemi sem beinist að því að virkja nýsköpunarkraft stúdента. Innovit rekur m.a. frumkvöðlasamkeppnina Gulleggið, sem hefur eins og hagnýtingarsamkeppni Háskóla Íslands, leitt til stofnunar fjölda sprotafyrirtækja.


## 6.6 Árangur Háskóla Íslands í rannsóknum og nýsköpunarstarfi

### 6.6.1 Rannsóknir

Háskóli Íslands komst haustið 2011 á lista Times Higher Education (THE) yfir 300 bestu háskóla heims og skipaði sér í sæti númer 277 þar með í raðir 2% fremstu háskóla í heiminum, en þeir eru rúmlega 17 þúsund talsins. Þessi mikli árangur byggist á afar öflugu rannsóknastarfi skólans. Birtningar háskólamanna í ISI tímaritum og vísindaleg áhrif þeirra ráða mestu um röð háskóla á gæðalista THE. Eins og sjá má á neðangreindum súluritum hefur árangurinn verdið undraverður.



Tafla 1. Fjöldi greina í ISI vísindatímaritum 2004 – 2011 (2011 er áætlað, endanleg tala liggur fyrir í september 2012)



Tafla 2 - Fjöldi tilvitnana 2004 - 2011

### 6.6.2 Nýsköpun

Á undanförnum árum hafa orðið til úr rannsóknarvinnu kennara og stúdenta skólans sprotafyrirtæki sem velta á annan milljarð króna og veita 150 manns vinnu. Ekki má gleyma að fyrirtæki á borð við Marel spratt á sínum tíma upp úr rannsóknarverkefni við skólann. Í stefnu Háskóla Íslands til næstu fimm ára er áhersla lögð á enn frekari sókn með hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna og hugmynda, sem skapa efnisleg verðmáti og störf. Í öllu rannsóknarstarfi eru fólgir verðmáti. Þótt hugtakið nýsköpun sé oftast notað um tæknigreinar getur nýsköpun vísað til framfara í öllum greinum þekkingar og stundum byggir hún á því að leiddar eru saman ólíkar greinar í þverfaglegum verkefnum. Styrkur Háskóla Íslands felst ekki síst í þeiri faglegu breidd sem hann hefur yfir að ráða.

## 7. Mannauður

Mannauður Háskóla Íslands liggur í starfsfólk hans og stúdentum. Lögð er rík áhersla á að framfylgja inntökuskilyrðum og kröfum um nýráðningar og framgang (sjá nánar kafla 6 hér að framan um rannsóknir, hvatakerfi og mat á störfum). Starfsmannasvið Háskóla Íslands hefur umsjón með mannaudsmálum skólans, m.a. í samstarfi við vísindasvið. Meginhlutverk starfsmannasviðs er að stuðla að vönduðum vinnubrögðum í starfsmannamálum við Háskóla Íslands og tryggja framgang laga og reglna um meðferð starfsmannamála.

Verkefni starfsmannasviðs taka mið af starfsmannastefnu Háskóla Íslands. Helstu verkefni sviðsins eru: Eftirlit og ráðgjöf vegna mála er varða réttindi og skyldur starfsmanna, stoðþjónusta við stjórнendur, auglýsingar og umsóknir, ráðningar (aðstoð, þjónusta og leiðsögn við ráðningarárferlið og ótímabundnar ráðningar), ráðgjöf við skipulagningu og samræmingu á störfum, launaröðun, starfs-, hæfnis- og ársmat, lögfræðileg ráðgjöf vegna starfsmannamála, einstaklingsmálefni – ráðgjöf og úrræði, handbók starfsmanna, kjarasamningar og stofnanasamningar, starfslýsingar (utanumhald, leiðbeiningar og fræðsla), starfsmannasamtöl, starfslokaviðtöl, lífeyrismál og starfslok, námsleyfi, starfsfræðslu, starfsþróun og starfsþjálfun, starfsmannaskrá og þjónusta sem henni viðkemur, fjöldatölur og tölfraðilegar samantektir vegna starfsmanna.

Leitast er við að gera Háskóla Íslands að góðum vinnustæð þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólk í anda jafnræðis. Tryggja á starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Lögð er áhersla á grunngildi Háskóla Íslands um heilindi og virðingu í mannaudsmálum skólans, er hljóðar svo: Í öllu starfi Háskóla Íslands er áhersla lögð á heiðarleg vinnubrögð. Samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu og trausti.

Tölulegar upplýsingar um starfsmanna- og mannaudsmál Háskóla Íslands er að finna undir slóðinni: <http://www.hi.is/adalvefur/starfsfolk>

## 8. Nemendur

Fræðasvið	Deild	KK	KVK	Alls
Félagsvíndasvið	Félags- og mannvísindadeild	200	839	1.039
Félagsvíndasvið	Félagsráðgjafardeild	37	401	438
Félagsvíndasvið	Hagfræðideild	233	184	417
Félagsvíndasvið	Lagadeild	370	407	777
Félagsvíndasvið	Stjórnmálafræðideild	250	390	640
Félagsvíndasvið	Viðskiptafræðideild	573	670	1.243
		<b>1.663</b>	<b>2.891</b>	<b>4.554</b>
Heilbrigðisvíndasvið	Hjúkrunarfræðideild	12	577	589
Heilbrigðisvíndasvið	Lyfjafræðideild	31	118	149
Heilbrigðisvíndasvið	Læknadeild	195	389	584
Heilbrigðisvíndasvið	Matvæla- og næringarfræðideild	24	87	111
Heilbrigðisvíndasvið	Sálfræðideild	215	503	718
Heilbrigðisvíndasvið	Tannlæknadeild	30	94	124
		<b>507</b>	<b>1.768</b>	<b>2.275</b>
Hugvísindasvið	Deild erlendra tungumála, bókmennata og málvínsinda	236	496	732
Hugvísindasvið	Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	49	80	129
Hugvísindasvið	Íslensku- og menningardeild	285	743	1.028
Hugvísindasvið	Sagnfræði- og heimspekkideild	345	286	631
		<b>915</b>	<b>1.605</b>	<b>2.520</b>
Menntavísindasvið	Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild	126	344	470
Menntavísindasvið	Kennaradeild	244	1.071	1.315
Menntavísindasvið	Uppeldis- og menntunarfræðideild	81	504	585
		<b>451</b>	<b>1.919</b>	<b>2.370</b>
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	540	204	744
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Jarðvísindadeild	95	87	182
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Líf- og umhverfisvíndadeild	215	307	522
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Rafmagns- og töluverkfræðideild	99	18	117
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Raunvíndadeild	243	139	382
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Umhverfis- og byggingaverkfræðideild	147	80	227
		<b>1.339</b>	<b>835</b>	<b>2.174</b>
Þverfræðilegt framhaldsnám	Þverfræðilegt framhaldsnám	27	145	172
<b>Samanlagt fyrir öll svið</b>		<b>4.873</b>	<b>9.108</b>	<b>13.981</b>
		<b>34,9%</b>	<b>65,1%</b>	

Tafla 4. Heildarfjöldi nemenda á haustmisseri 2010 (2010-2011)

Tölurnar miðast við fjölda ferla nema heildarfjöldi fyrir öll svið.

## 9. Fjármál, rekstur, húsnæði

Rektor og háskólaráð bera ábyrgð á fjármálum Háskóla Íslands. Fjármálanefnd háskólaráðs, sem er ein af fastanefndum ráðsins, annast reglulega umsýslu fjármála skólans. Í nefndinni starfa forsetar fræðasviða, fjármálastjóri skólans ásamt ritara og formanni sem tilnefndur er af rektor. Verksvið fjármálanefndar er að vera rektor, háskólaráði og háskólfundi til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að fjármálum og rekstri háskólans. Í þessu felst meðal annars:

- Að hafa umsjón með samningum háskólans við stjórnvöld um fjármögnun kennslu og rannsókna,
- að gera tillögu um fjárlagaerindi háskólans, fylgjast með afgreiðslu á erindinu og vera rektor til ráðuneytis um frekari rök til að fylgia því eftir,
- að vinna og móta fjárhagsáetlun háskólans fyrir rektor sem ber hana undir háskólaráð til samþykktar,
- að leiðbeina deildum, stofnunum og stjórnsýslueiningum við gerð fjárhagsáetlana,
- að hafa eftirlit með því að útgjöld sviða, stofnana og stjórnsýslueininga fari ekki fram úr fjárveitingum.
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um skiptingu fjárveitinga á fræðasvið, stofnanir og stjórnsýslueiningar,
- að yfirlara ársreikning háskólans.

Fjármunum er dreift innan skólans með deililíkani sem skiptist í nokkra meginflokkum:

- Fjárveiting til miðlægrar stjórnsýslu,
- sameiginleg útgjöld, þar með talið ýmsir hvatasjóðir,
- fjárveiting til rekstrar og viðhalds fasteigna,
- fjárveitingar til fræðasviða.

Í stórum dráttum hefur hlutfall sértekna við Háskóla Íslands verið um 1/3 af heildarfjárveitingu undanfarin ár og stefnt er að því að það hlutfall haldist.

Fjárveiting til fræðasviða (um 2/3 hlutar af fjárveitingu skólans) byggir á árangurstengingu í kennslu og rannsóknum. Árangur í kennslu vegur umtalsvert og eru þreyttu einingarnar að 8/10 hlutum miðaðar við þá grein sem kennir viðkomandi námskeið en að 2/10 hlutum miðað við heimagrein nemenda. Fjárveitingar til rannsókna taka mið af fjölda útskrifaðra meistarana og doktorsnema, fjölda rannsóknastiga kennara og árangri í öflun innlendra og erlendra styrkja úr samkeppnissjóðum og annarra styrkja.

Ofangreint fyrrkomulag fjármála hefur verið við lýði í yfir 15 ár og reynst vel. Mikil samkeppni er um fjármuni sem dreift er í takti við árangur. Deililíkan skólans er endurskoðað reglulega með það að markmiði að nýta fjármuni sem best og vera sem sanngjarnast. Allar tillögur þar um eru samþykktar í háskólaráði.

## 10. Samstarf, tengsl við atvinnulíf og samfélag

Háskóli Íslands er langstærsti háskóli landsins, hvort sem litíð er til fjölda nemenda, fjölda starfsmanna, umfangs rannsókna eða námsframboðs. Eðli mál samskvæmt hefur háskólinn því ávallt verið í fjölbreyttu samstarfi við margvíslega aðila í íslensku samfélagi. Þetta samstarf er ræktað með formlegum og óformlegum hætti. Háskólinn lítur á það sem skyldu sína að vera í góðu samstarfi við atvinnu- og þjódlif og skólanum er þetta samstarf ekki síður nauðsynlegt ef hann á að ná metnaðarfullum markmiðum sínum.

Í stefnu Háskóla Íslands 2011 til 2016 er lögð mikil áhersla á enn öflugra samstarf við atvinnu- og þjódlif m.a. í því skyni að tryggja áframhaldandi sókn á svíði rannsókna, nýsköpunar og til að auka námsframboð. Háskólinn hyggst efla enn frekar samstarf sitt við fremstu háskóla og háskóladeildir heims með formlegum samningum um nemenda- og kennaraskipti, gestastörf, leiðbeiningu doktorsnema og rannsóknaverkefni. Þá hyggst leggur skólinn áherslu á aukið samstarf við innlendar rannsóknastofnanir, háskóla, fyrirtæki og menningarstofnanir, m.a. til að samnýta mannaúð, aðstöðu til rannsókna, rannsóknagögn, húsnaði og tækjakost.

### 10.1 Formlegt og samningsbundið samstarf

Landspítalinn er einn mikilvægasti samstarfsaðili háskólans. Við spítalann og skólan starfa fjölmargir sameiginlegir starfsmenn og mikill hluti kennslu og rannsókna Heilbrigðisvíndasviðs fer fram innan Landspítala. Í gildi er ítarlegur samstarfssamningur á milli þessara stofnana og hefur svokölluð Stefnunefnd umsjón með samstarfinu og þróun þess. Í nefndinni eiga meðal annarra sæti rektor Háskóla Íslands og forstjóri Landspítala.

Þá er háskólinn aðili að samkomulagi við hina opinberu háskólanu þrijá um svokallað háskólanet, sem felur í sér viðamikið samstarf sem tekur m.a. til gagnkvæmrar viðurkenningar á námi, rannsókna- og gæðamála, mats á rannsóknum og ráðningarmála, upplýsingatækni o.fl. Starfandi er sérstök nefnd um samstarfið sem rektar skólanna eiga sæti í. Auk þess kostar mennta- og menningarmálaráðuneytið starfsmann sem hefur umsjón með verkefni.

Háskóli Íslands á aðild að samstarfsnefnd háskólastigsins sem er samstarfsvettvangur háskóla sem hlotið hafa viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Nefndin fundar reglulega og fjallar um málefni og hagsmuni háskólanna.

Ekki er hér unnt rúmsins vegna að rekja efni allra samstarfssamninga sem háskólinn hefur gert. Meðal náinna samstarfsaðila sem hafa gert samstarfsamninga við háskólann eru: Stofnun Árna Magnússonar, Keldur, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavíkurborg, Keilir (nokkrir samningar), Landbúnaðarháskólinn (um doktorsnám) Íslensk Erfðagreining, ORF Líftækni, Oxymap, Innovit, Línuhönnun, Astra Zeneca, ISAVIA, LÍÚ, ASÍ, Landsbankinn, Landsvirkjun, Alþingi, Matís, Hafrannsóknastofnum, Veðurstofa Íslands, Veiðimálastofnun, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Landmælingar Íslands, Reykjalundur, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinastöðin, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Landsamband sjúkrahúsa, Hafréttarstofnun Íslands, Öryrkjabandalagið, Jafnréttisstofa, Nýsköpunardeppni grunnskólanna, Stúdentaráð, Bóksala stúdenta, Kennarasamband Íslands, þroskaþjálfafélag Íslands, Fjölmennt.

## 10.2 Óformlegt (einstaklingsbundið) samstarf

Árlega gera akademískir starfsmenn grein fyrir helstu samstarfsaðilum sínum. Haldið er utan um þessar upplýsingar á vísindasviði háskóla. Samkvæmt gagnagrunni um samstarfsaðila var háskólaþólk í samstarfi við **536 háskóla** á árinu 2009. Þar af eru 6 íslenskir, 67 eru á hinum Norðurlöndunum, flestir í Svíþjóð (23). Í öðrum Evrópulöndum er að finna 213 samstarfsháskóla, flestir í Bretlandi (60). Í Bandaríkjunum eru 83 samstarfsháskólar og 67 í öðrum löndum heimsins, flestir í Kanada.

Háskólaþólk var í samstarfi við **253 stofnanir** árið 2009, þar af eru 82 íslenskar, 62 frá hinum Norðurlöndunum, 16 frá Bandaríkjunum, 78 eru staðsettar í Evrópu utan Norðurlanda (þar af eru 19 í Bretlandi) og 15 eru staðsettar í öðrum löndum heimsins, flestar í Ástralíu og Kanada.

Þá er HÍ í samstarfi við fjölmörg fyrirtæki, íslensk og erlend.

### 10.2.1 Nokkur dæmi um innlend samstarfsfyrirtæki árið 2009:

Almenna verkfræðistofan, Arkitektastofan Arkís, Bláa Lónið, Bókaforlagið Bjartur, Carbon Recycling International ehf, CCP, Domus Medica, Genís ehf, Geysir Green Energy, Hafmynd ehf., Hnit, verkfræðistofa, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Hugbúnaðarfyrirtækið Mentor, Húfa ehf, Íslensk erfðargreining, ÍSOR, Kine ehf, Landsvirkjun, Leiðarsteinn ehf, Líf-Hlaup, Lífdísill ehf, Lýsi hf, Mannvit, Marel, Matís, Mjólkursamsalan, MTT ehf, Norðlenska, Orkuveita Reykjavíkur, Prokaría, Síminn, Stofnfiskur, Verkís, Vinnslustöðin, Vestmannaeyjum, VSÓ, Össur hf.

### 10.2.2 Nokkur dæmi um erlend samstarfsfyrirtæki árið 2009:

NXP Semiconductors, alþjóðlegt, Astellas, Danmörku, Projektbank, Danmörku, Hydro, Noregi, PCI Biotech, Noregi, Statkraft, Noregi, Statoil, Noregi, Ríksbankens Jubilæumsfond, Svíþjóð, Intercell AG, Austurríki, TiGenix, Leuven, Belgíu, Sanofi pasteur, Frakklandi, Nobilon International BV, Hollandi, Novartis Vaccines, Ítalía, Ashgate forlagið, UK, Colgate-Palmolive A/S, UK, Hakluyt Society, London, UK, HLP Hirzl & Ledar, Þýskalandi, S. Karger Medical and Scientific Publishers, Þýskalandi, ExxonMobil, USA, INTEGRA, USA, Johnson&Johnson, USA, Kinematics, USA, Micromagnetics Inc., Massachusetts, USA, Quanser Inc., Kanada, Ok Tedi Mining Ltd, Papúa Nýja-Gínea.

### 10.2.3 Nokkur dæmi um samtök sem starfsmenn voru í samstarfi við árið 2009:

ASÍ, BSRB, Bændasamtök Íslands, Félag íslenskra kennara í frumkvöðla- og nýsköpunarmennt, Heimili og skóli, Hekluskögar, Héraðssambandið Skarphéðinn, HSK, Íslenska lestrarfelagið, Íþróttasamband fatlaðra, Læknafélag Íslands, SAFT, Samorka - samtök orku- og veitufyrirtækja, Samtökin \"Vestfirðir á miðöldum\", SKB, Sundsamband Íslands, Umsjónarfélög einhverfra, Ungmennafélag Íslands, UMFÍ, Ungmennafélag Laugdæla, UMFL.

## 11. Gæðakerfi

### 11.1 Innra gæðakerfi

Við Háskóla Íslands er starfrækt víðtækt formlegt innra gæðakerfi sem tekur til allra helstu þátta starfseminnar, náms og kennslu, rannsókna og nýsköpunar, stjórnunar og þjónustu.

Markmið gæðakerfisins er í meginatiðum þríþætt: Í fyrsta lagi að *tryggja* að gæði starfseminnar sé í samræmi við ákvæði laga og reglna og standist væntingar nemenda, starfsmanna, atvinnulífs og íslensks samfélags og kröfur hins alþjóðlega vísindasamfélags. Í öðru lagi er markmið gæðakerfisins að *eftirlit* og viðbrögð myndi ferli stöðugra umbóta. Í þriðja lagi er markmið gæðakerfisins að auka þekkingu og vitund starfsmanna og stúdenta um gæði starfseminnar og stuðla þannig að þróttmikilli *gæðamenningu* innan Háskóla Íslands.

## 11.2 Forsendur gæðakerfisins

Gæðakerfið tekur mið af margvíslegum forsendum og eru þær helstu þessar:

- 11.1.1 Lög nr. 63/2006 um háskóla
- 11.1.2 Lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008
- 11.1.3 Reglur nr. 321/2009 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum.
- 11.1.4 Reglur um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006.
- 11.1.5 Reglur um doktorsnám í háskólum nr. 37/2007.
- 11.1.6 Samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir 2012-2016.
- 11.1.7 Samningur um Aldarafmælissjóð Háskóla Íslands, viðauki 2
- 11.1.8 Stefna Háskóla Íslands 2011-2016.
- 11.1.9 Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.
- 11.1.10 Stefna Háskóla Íslands í ýmsum einstökum málaflokkum, s.s. jafnréttisstefna, starfsmannastefna, málstefna og siðareglur.
- 11.1.11 Rammaáætlun um eflingu gæða á svíði aðri menntunar á Íslandi, gefin út af gæðaráði háskóla og sett fram í handbók ráðsins.
- 11.1.12 Stefnumörkun á svíði gæðatryggingar á vettvangi Bologna-ferlisins, einkum Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area.

## 11.3 Umsjón og ábyrgð

Rektor ber ábyrgð á gæðakerfi Háskóla Íslands, en forsetar fræðasviða, deildarforsetar, formenn námsbrauta, forstöðumenn, rekstrarstjórar, svíðsstjórar og aðrir stjórnendur bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfisins hver á sínum vettvangi. Á vegum háskólaráðs er starfrækt sérstök gæðanefnd sem hefur m.a. það hlutverk að þróa, viðhalda og hafa eftirlit með formlegu gæðakerfi háskólans. Gæðastjóri starfar í umboði rektors og hefur umsjón með daglegri framkvæmd gæðakerfisins. Ýmsar nefndir sinna einstökum þáttum gæðakerfisins, s.s. víssindanefnd og kennslumálanefnd háskólaráðs og kennslunefndir freðasviða. Þá er við Háskóla Íslands starfrækt Kennslumiðstöð sem sinnir m.a. þjálfun og endurmenntun kennara og margvíslegri rádgjöf við fræðasvið og deildir á svíði kennslu.

## 11.4 Ytra gæðaeftirlit

Ytra eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna er á höndum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en ráðuneytið nýtti sér árið 2011 heimild í lögum til að fela gæðaráði háskóla að annast ytra gæðaeftirlitið. Gæðaráðið hefur gefið út Rammaáætlun um eflingu gæða í háskólastarfi á Íslandi sem sett er fram í gæðahandbók ráðsins. Gerir rammaáætlunin m.a. ráð fyrir tvenns konar mati á starfsemi háskóla, þ.e. í fyrsta lagi reglubundnu mati á faglegum einingum sem viðkomandi háskóli stýrir sjálfur (e. Institution-led subject review) og í öðru lagi reglubundnu heildarmati á háskólastofnunum sem gæðaráðið stýrir (e. Quality Board-led institutional review). Matið á faglegu einingunum er fyrirferðamikill þáttur í gæðastarfi Háskóla Íslands, enda lítur skólinn svo á að innra gæðakerfi og ytra gæðaeftirlit heyri órýðunlega saman og styðji hvort við annað. Háskóli Íslands hefur gefið út ítarlegar leiðbeiningar um framkvæmd sjálfsmats faglegra eininga og við háskólann er starfrækt sérstök úttektarnefnd sem hefur umsjón með mati á faglegum einingum innan skólans.

## 11.5 Gæðahandbók

Í smíðum er umfangsmikil gæðahandbók fyrir Háskóla Íslands þar sem gæðakerfi skólans verður aðgengilegt á einum stað.

## 12. Siðferði, sjálfbærni og ábyrgð

Í starfi Háskóla Íslands er lögð rík áhersla á virðingu fyrir góðum siðum. Háskólinn hefur um árabil haft skráðar siðareglur og starfrækir siðanefnd sem fjallar um kærur í tengslum við þær. Einnig hefur skólinn skráð sérstakar siðareglur víssinda og starfrækir víssindasiðanefnd til að fjalla um málefni þeim tengd. Þá hefur Háskóli Íslands um áratugaskeið verið helsta miðstöð rannsókna og kennslu á svíði siðfræði á Íslandi á vettvangi

Hugvísindasviðs og með því að starfrækja sérstaka Siðfræðistofnun sem m.a. gegnir margvíslegum þjónustu- og ráðgjafarstörfum fyrir stofnanir, fyrtæki og almenning. Loks má nefna að einn af fjórum meginköflum *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016* er helgaður ábyrgð gagnvart samfélagitnu og umheiminum, sbr. kafla 3.2.4 hér að framan, og er þar að finna fjölmög ákvæði er lúta að siðferðilegri og samfélagslegri ábyrgð, m.a. um samþáttun siðfræði og faglegs náms á öllum fræðasviðum skólans.

<http://www.hi.is/adalvefur/sidareglur>

Árið 2000 setti Háskóli Íslands sína fyrstu formlegu umhverfisstefnu. Í samræmi við ákvæði *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016* hófst á árinu 2011 umfangsmikil undirbúningsvinna við móton nýrrar og metnaðarfullrar sjálfbærni- og umhverfisstefnu og var hún samþykkt formlega á háskólaþingi 9. desember 2011 og í háskólaráði 1. mars 2012. Í kjölfarið var skipuð sérstök umhverfis- og sjálfbærninefnd sem hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd sjálfbærni- og umhverfisstefnunnar.

[http://www.hi.is/sites/default/files/samhykkt\\_sjalfbaerni\\_-og\\_umhverfisstefna\\_1.pdf](http://www.hi.is/sites/default/files/samhykkt_sjalfbaerni_-og_umhverfisstefna_1.pdf)

## 13. Samstarf, upplýsingagjöf og lykiltölur, aðgangsviðmið og frjáls hugbúnaður

### 13.1 Samstarf

Háskóli Íslands mun vinna í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að þróun náms og rannsókna við skólann. Eins og fram kemur í þjónustusamningi, verða tveir formlegir samráðsfundir árlega um starf og stefnu skólans. Að auki mun skólinn eiga óformleg samskipti við ráðuneytið og upplýsa jafnóðum um mikilsverða áfanga og þær breytingar sem áhrif hafa á starfið.

### 13.2 Upplýsingagjöf og lykiltölur

Háskóli Íslands mun skila mennta- og menningarmálaráðuneytinu öllum þeim gögnum sem óskað er eftir í samningnum.

Við innra og ytra mat háskóla er m.a. byggt á tölvulegum gögnum úr skrám ns sem gefa mynd af starfi og árangri skólans. Markmiðið er að fá sem gleggstu heildarmynd af háskólanum, hvernig nn þróast og hvernig nn er í samanburði við aðra háskóla.

HÍ mun skila yfirliti yfir lykiltölur til mennta- og menningarmálaráðuneytis og birta á heimasiðu sinni í samræmi við birtingaráætlun eigi síðar en um mitt árið á eftir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun jafnframta birta lykiltölur um háskólakerfið í heild.

Skilgreiningar og tímamörk lykiltalna eru í viinsslu og gert er ráð fyrir að á fyrsta formlega samráðsfundi aðila verði tekin ákvörðun um val þeirra, skilgreiningar ásamt birtingaráætlun. Hér neðar eru drög að lykiltolum sem unnið verður út frá en meginþættir þeirra eru nemendur, starfsfólk, kennsla og rannsóknir, fjárgur, svæðistenging og mikilvægi, virkní í þekkingaryfírfærslu og alþjóðlegar áherslur. Lykiltöurnar taka fullt tillit til lykiltalna U-Map verkefnisins (European classification of higher education institutions – vefsloð: <http://www.u-map.eu/>).

Loks mun HÍ skila inn frekari upplýsingum til ráðuneytisins er varða starf og árangur skólans, svo sem rannsókna- og kennsluskýrslur.

#### Lykiltölur

##### I. Nemendur

1. Heildarfjöldi nemendaígilda á almanaksári
2. Heildarfjöldi nemenda á skólaárinu eftir
  - kyni
  - fagsviðum
  - námsstigum
  - nýnemar eftir námsstigum
  - námshlutfalli/ umfangi náms
  - kennsluformi
  - þjóðerni
3. Fjöldi brautskráðra nemenda á skólaárinu eftir

- kyni
  - aldri
  - fagsviðum
  - námsstigum
4. Hlutföll
- Inntökuhlutfall
  - Endurkomuhlutfall (skila sér á 2 námsár)
  - Hlutfall nemenda sem ekki hefur lokið tilsettri námsgráðu eftir ákveðinn tíma (áætlaður tími + 1 ár)
  - Hlutfall nemenda eldri en 30 ára

## **II. Starfsfólk**

1. Heildarfjöldi ársverka alls starfsfólks á almanaksárinu
2. Heildarfjöldi akademískra starfsmanna eftir
  - kyni
  - aldri
  - menntun
  - stöðuheiti
  - starfshlutfalli
3. Annað
  - Fjöldi nemenda á akademískra starfsmenn
  - Skipting kennslu (fastráðnir/stundakennrarar)

## **III. Kennsla og rannsóknir**

1. Fjöldi viðurkenndra prófgráða í boði við skólann eftir
  - fagsviðum
  - námsstigum
2. Hlutfall útskrifaðra (af öllum stigum) af þrem námsleiðum: almennt nám, nám sem leiðir til starfsréttinda og aðrar starfsmiðaðar námsleiðir.
3. Fjöldi sameiginlegra prófgráða á árinu skipulagðar með
  - innlendum háskólastofnum
  - erlendum háskólastofnum
4. Heildarfjöldi birttinga fastráðinna starfsmanna í ritrýndum tímaritum/bókum á árinu eftir fagsviðum
5. Heildarfjöldi birttinga fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum
6. Fjöldi tilvitnana fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum
7. Fjöldi einkaleyfisumsókna og fenginna einkaleyfa á árinu
8. Fjöldi sprotafyrirtækja stofnuð á árinu
9. Fjöldi rannsóknafurða annarra en birttinga í ritrýndum tímaritum og fagtímaritum á akademískt stöðugildi
10. Allar útgáfur birtar í tímaritum, bókum og ritum sem beint er til faghópa og rekja má á gagnagrunnum til einstakra akademískra starfsmanna

## **IV. Fjárhagur**

1. Heildartekjur háskólans á árinu:
  - Heildargreiðsla úr ríkissjóði
  - Heildarupphæð annarra tekna:
    - Heildarupphæð skrásetningar- og skólagjalda (ekki endurmenntunarstarfsemi)
    - Heildarupphæð rannsóknastyrkja úr innlendum rannsóknasjóðum
    - Heildarupphæð rannsóknastyrkja úr erlendum rannsóknasjóðum
    - Heildarupphæð tekna af annarri starfsemi
      - tekjur af endurmenntun
      - tekjur af þekkingartengdri stafsemi s.s. leyfisgjöld, samstarfs- og styrktarsamningar o.s.frv.
      - tekjur af eignum.
2. Heildarútgjöld háskólans á árinu til
  - kennslu

- rannsókna
- annars, s.s. stjórnsýslu, stoðþjónustu, húsnæðis

## V. Svæðistenging

1. Fjöldi fyrsta árs nemenda í bakkalár námi (höfðatala) frá svæðinu sem hlutfall af heildarfjölda fyrsta árs bakkalárnemenda. Svæði ákvæðast af heimilisfangi nemanda.
2. Fjöldi nemenda sem útskrifaðist fyrir tveimur árum (viðmiðunarár - 2), sem starfa á svæðinu, sem hlutfall af heildarfjölda brautskráðra frá því fyrir tveimur árum síðan.
3. Heildartekjur af svæðisbundnum og staðbundnum uppruna (bæði opinberir aðilar og einkaaðilar), þ.m.t. allir styrkir, niðurgreiðslur, kennslu- og rannsóknasamningar í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum.

## VI. Virkni í þekkingaryfrafærslu

1. Fjöldi opinberra sýninga, opinberra tónleika og sýninga, sem er eru skipulagðar af stofnun eða deild innan hennar, sem eru skráðar sem slíkar og eru aðgengilegar fyrir almenning, á 1000 akademísk stöðugildi.
2. Heildartekjur af einkaleyfasamningum, tekjur af rannsóknasamningum við einkaaðila og opinbera aðila, tekjur af höfundaréttindum og tekjur af endurmenntunarstarfsemi (Continuing professional development - CPD) sem hlutfall af heildartekjum.

## VII. Alþjóðlegar áherslur

1. Fjöldi nýnema með erlent prófskírteini sem hlutfall af heildar innritun á námsbrautir skólans.
2. Tekjur af erlendum uppruna, þ.m.t. styrkir og samningar um kennslu og rannsóknir, bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum.
3. Fjöldi innritaðra nemenda í erlendum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda.
4. Fjöldi erlendra akademískra starfsmanna (höfðatala) semhlutfall af heildarfjölda akademískra starfsmanna (höfðatala). Erlendir akademískir starfsmenn eru akademískir starfsmenn með erlent ríkisfang sem starfa hjá stofnun eða starfa á grundvelli skiptiáætlana.
5. Fjöldi nemenda sem taka þátt í alþjóðlegum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda.

### 13.3 Aðgangsviðmið

Háskólinn skilgreinir og birtir lágmarkskröfur um aðgangsviðmið nemenda sem hefja nám á grunnstigi í einstökum deildum og/eða námsbrautum við skólann. Við framsetningu aðgangsviðmiða skal tekið mið af aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Framsetning annarra aðgangsviðmiða verði unnin í samráði við ráðuneytið. Starfsmenn stefnumótunar- og þróunardeildar mennta- og menningarmálaráðuneytis munu vera háskólanum til aðstoðar við vinnslu verkefnisins.

Ráðuneytið leggur áherslu á samfellu milli skólastiga. Samkvæmt nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla munu framhaldsskólar gera tillögur að uppbyggingu námsbrauta til stúdentsprófs. Eftrir umsagnaferli eru þær staðfestar af ráðuneytinu og verða þá hluti af aðalnámskrá. Ráðuneytið telur jafnframt mikilvægt að hægt verði að senda tillögur að námsbrautum til stúdentsprófs til umsagnar innan háskólastigsins.

#### Skilgreining og innleiðing aðgangsviðmiða

Aðgangsviðmið einstakra deilda á háskólastigi eru mikilvægar upplýsingar fyrir framhaldsskóla við gerð námsbrauta og námsmenn varðandi sérhæft námsval. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 er kveðið á um sérstakar reglur um nám til stúdentsprófs og sérstök ákvæði sett fram um lágmarkseiningafjölda. Reglurnar lúta meðal annars að hæfnikrömum í kjarnagreinum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði en í viðauka 3 í námskránni eru birt hæfnivíðmið þessara greina. Þar segir að stúdentspróf miði að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlendis og erlendis. Námstími til stúdentsprófs getur verið breytilegur milli námsbrauta og skóla en framlag nemenda skal þó aldrei vera minna en 200 framhaldsskólaeiningar. Námslok til stúdentsprófs er í öllum tilvikum skilgreint á hæfnijrep þrjú. Inntak náms til stúdentsprófs er háð lokaviðmiðum námsbrautarinnar en fer einnig eftir því hvers konar undirbúning viðkomandi námsbraut veitir fyrir háskólanám. Uppistaða námsins getur því falið í sér bóknám, listnám eða starfsnám.

Innleiðing nýrrar aðalnámskrá framhaldsskóla skal lokið árið 2015. Mikilvægt er að virkt samráð eigi sér stað á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, framhaldsskólanna og háskólanna um aðgengisviðmið.

Háskólinn mun skólaárið 2012/2013 velja sér eitt fræðasvið/deild og vinna að skilgreiningu aðgangsviðmiða fyrir allar námsleiðir. Háskólinn mun halda samráðs- og vinnufund með fulltrúum ráðuneytisins og framhaldsskólanna um aðgangsviðmiðin og gefa þeim tækifæri til að bregðast við framsetningu og inntaki. Háskólinn mun skólaárið 2013/2014 skilgreina aðgangsviðmið fyrir allar deildir og fræðasvið skólans. Háskólinn mun halda samráðs- og vinnufundi með fulltrúum ráðuneytisins og framhaldsskólanna um aðgangsviðmiðin.

Háskólinn mun í síðasta lagi skólaárið 2014/2015 birta aðgangsviðmið allra námsleiða viðkoma.

### 13.4 Frjáls hugbúnaður

Háskólinn og ráðuneytið vinna í sameiningu að aukinni nýtingu frjáls hugbúnaðar í háskólastarfi í samræmi við stefnu stjórvalda um frjálsan og opinn hugbúnað sem gefin var út í mars 2008. Háskólinn tekur saman notkun á frjálsum hugbúnaði og áætlun um aukna nýtingu slíks hugbúnaðar sem miðast við lítið rask á kennslu- og rannsóknarhlutverki háskólans. Ráðuneytið býður fram ráðgjöf varðandi frjálsan hugbúnað og nýtingu hans

Með frjálsum hugbúnaði er átt við hugbúnað sem veitir notendum hans frelsi til að nota hugbúnaðinn með þeim hætti sem notandinn kýs, frelsi til að kynna sér hugbúnaðinn, læra af honum og aðlaga að eigin þörfum, frelsi til að dreifa hugbúnaðinum og frelsi til að bæta hugbúnaðinn og dreifa þeim breytingum aftur til samfélagsins. Í fimmta lið stefnu stjórvalda um frjálsan og opinn hugbúnað segir að stuðlað skuli að því að nemendur í menntastofnunum landsins fái tækifæri til að kynnast og nota frjálsan hugbúnað til jafns við séreignarhugbúnað.

Ávinningur af nýtingu frjáls hugbúnaðar er mikill. Frjáls hugbúnaður dregur ekki einungis úr hæði háskólans gagnvart fáum aðilum sem gerir skólann sjálfstæðari og sveigjanlegri, heldur býður frjáls hugbúnaður upp á kennslumöguleika sem ekki eru fyrir hendi í séreignarhugbúnaði, svo sem að kynna sér innri virkni hugbúnaðarins og að taka virkari þátt í þróun hugbúnaðarins. Virkari þátttaka felur ekki aðeins í sér forritun heldur einnig aðra þætti svo sem þýðingu á hugbúnaðinum og betri aðgangi að þróunarteymi sem getur betur orðið við óskum notenda hugbúnaðarins. Með frelsinu til að dreifa hugbúnaðinum getur háskólinn jafnframt stuðlað að jöfnuði meðal nemenda skólans og starfsmanna þar sem sami hugbúnaður stendur öllum til boða. Fjárhagslegur ávinningur getur einnig orðið umtalsverður þar sem ekki er greitt fyrir hugbúnaðarleyfi og hægt er að auka samstarf og samnýtingu til að draga úr bæði notkunar- og þróunarkostnaði.

Háskólinn notast nú þegar við frjálsan hugbúnað í daglegum rekstri. Sem dæmi má nefna vefkerfið Drupal sem heldur utan um vefsíðu skólans, Moodle vefhugbúnaðinn sem notaður er fyrir kennsluumsjón, Wordpress vefkerfið sem býður nemendum og starfsfólk háskólans upp á persónulegar vefsíður, GNU/Linux stýrikerfið og tölfraðihugbúnaðinn R sem notaður er meðal annars í líffræðikennslu og hefur verið settur upp í tölvuveri í Öskju ásamt fjölmörgum öðrum mikilvægum sviðum. Skoða þarf möguleika háskólans til að nýta frjálsan hugbúnað á öðrum vettvangi. Til þess þarf að greina núverandi stöðu tölvuumhverfis og finna möguleg tækifæri til frekari nýtingar á frjálsum hugbúnaði í háskólanum. Þær upplýsingar nýtast svo í gerð áætlunar um hvernig skuli stuðlað að frekari nýtingu á frjálsum hugbúnaði í háskólanum. Mikilvægt er að fara ekki of geyst og valda sem minnstu raski á kjarnastarfsemi háskólans. Hægt er að nýta þekkingu og reynslu sem hefur myndast undanfarin ár í háskólanum og á Íslandi til að forðast vandamál sem upp geta komið og auka líkur á að frekari nýting frjáls hugbúnaðar sé öllum aðilum til hagsbóta.